



MA- ritgerð

Félagsráðgjöf til starfsréttinda

Áttan - uppeldisráðgjöf barnaverndar Kópavogs

Mat og viðhorf tilvísenda

Hildur Aðalsteinsdóttir

Hervör Alma Árnadóttir
Nóvember 2014



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

Áttan - uppeldisráðgjöf barnaverndar Kópavogs
Mat og viðhorf tilvísenda

Hildur Aðalsteinsdóttir
1511832639

Lokaverkefni til MA-gráðu félagsráðgjöf
Leiðbeinandi: Hervör Alma Árnadóttir

Félagsráðgjafardeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Nóvember 2014

Áttan - uppeldisráðgjöf barnaverndar í Kópavog: Mat og viðhorf
tilvísenda

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA í félagsráðgjöf
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Hildur Aðalsteinsdóttir, 2014

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland, 2014

Útdráttur

Aukin áhersla hefur verið innan barnaverndar á að veita foreldrum ráðgjöf við uppeldi barna sinna. Áttan - uppeldisráðgjöf er úrræði barnaverndar Kópavogs. Hún hefur verið starfrækt frá árinu 2011 og er uppeldisráðgjöf sem fer fram inn á heimili fjölskyldna. Markmið rannsóknarinnar var að meta reynslu fagmanna barnaverndar Kópavogs af úrræðinu og kanna viðhorf þeirra til uppeldisráðgjafar Áttunnar. Eigindlegri rannsóknaraðferð var beitt og tekin voru viðtöl við sjö ráðgjafa sem höfðu vísað fjölskyldum í Áttuna. Tilgangurinn með rannsókninni var að meta þá þjónustu sem starfsmenn Áttunnar veita og hvernig sú þjónusta virðist nýtast þeim fjölskyldum sem þangað er vísað auk þess að varpa ljósi á það sem hefur tekist vel og hvað mætti betur fara, með það í huga að þróa þjónustuna enn frekar.

Meginniðurstöður rannsóknarinnar eru að Áttan er uppeldisráðgjöf sem nýttist helst þeim fjölskyldum þar sem hegðunarvandi barna var til staðar. Viðmælendur töldu Áttuna góða viðbót við önnur stuðningsúrræði í Kópavogi en að hún ætti frekar heima hjá félagsþjónustu þar sem mál þar væru ekki alvarleg og margþætt. Í málum sem unnin eru hjá barnavernd er vandi fjölskyldna margvíslegur og því nýttist Áttan ekki eins vel þar og tilvísendur höfðu vonast til. Þó töldu ráðgjafar að uppeldisráðgjöfin gæti nýst við að kortleggja betur vandann.

Ályktun rannsakanda er að skilgreina þurfi betur þann hóp sem vísað er til Áttunnar því hún nýttist best þeim hópi fjölskyldna sem eiga ekki við fjölþættan vanda að etja. Félagþjónustan þarf að hafa aðgang að úrræði svo mál sem þurfa ekki aðkomu barnaverndar endi síður á borði hjá þeim. Niðurstöður rannsókna hafa bent til þess að til að fjölskyldur nái að vinna á sínum vanda skiptir máli að þeim séu útveguð úrræði sem henta þeirra þörfum.

Abstract

An increased focus has been within the Child Protection on assisting parents in their parenting. Áttan – parental advice is a method within the Child Protection in Kópavogur and has been used since 2011, as a parenting assistance in the homes of families in need. The purpose of this research was to assess the experience of relevant professionals in the Child Protection of this resource and evaluate their attitude towards it. The research-method chosen is qualitative, seven advisors who had referred families to Áttan were interviewed, with the purpose of assessing the service offered and its usefulness to the families, as well as bringing to light what has been successful and where there is room for improvement with a view to bettering the service furthermore.

The main conclusions are that Áttan is a parenting advisory resource mainly useful to families battling with children's behavioural problems. Interviewees considered it a good addition to other supportive measures in Kópavogur, but that it should rather be housed within the Social Services, where problems dealt with are not as multifaceted and complex. Cases in the Child Protection tend to be multifaceted and the usefulness of Áttan is not as much as had been hoped, although they thought that the advice might be useful in mapping out problems.

The researcher has come to the conclusion that a better definition of the group referred to Áttan is needed in order to help families not dealing with a multifaceted problem. The Social Services needs to gain access to the resource so that cases not requiring intervention by Child Protection can be dealt with differently. Research has shown that in order for families to solve their problems the relevant resources must be made accessible to them.

Formáli

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til meistaraþráðu til starfréttinda í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Vinna við rannsóknina hófst í maí 2014 og lauk í nóvember sama ár og beitt er eigindlegri aðferð. Áhugi rannsakanda á efninu kviknaði þegar hún hóf störf hjá þjónustumiðstöð Breiðholts í tilsjón sem er stuðningsúrræði til aðstoðar fjölskyldum inni á heimilum. Leiðbeinandi verkefnisins er Hervör Alma Árnadóttir lektor við félagsráðgjafardeild. Þakka ég henni fyrir góðar leiðbeiningar, ábendingar og ómældan stuðning sem hún veiti mér í rannsóknarvinnu. Einnig þakka ég Lilju Rós Agnarsdóttir forstöðumanni Áttunnar fyrir ómældan stuðning, aðstoð og leiðsögn. Þátttakendum rannsóknarinnar færi ég sérstakar þakkir fyrir að gefa sér tíma til þess að taka þátt í rannsókninni og deila með mér reynslu sinni og mati á Áttunni. Án þeirra samstarfs hefði rannsóknin ekki orðið að veruleika. Jóhönnu Dýrunni Jónsdóttur og Guðrúnu Þórdísi Ingólfsdóttur þakka ég fyrir yfirlestur ritgerðar, góðar ábendingar og hvatningu um að halda áfram. Fjölskylda mín fær bestu þakkir fyrir stuðning og þolinmæði sem ég fékk við gerð rannsóknar. Rannsóknarvinnan krafðist mikils af fjölskyldu minni og vil ég þakka eiginmanni mínum, Eiði Gunnari, fyrir ómældan stuðning, hrós og hvatningu til að klára verkefnið mitt. Synir mínir Bjarni Gunnar og Emil Fannar hafa verið mér hvatning til að halda áfram og gefast ekki upp, því vil ég þakka þeim fyrir þolinmæði og hvatningu og skilning á þeim litla tíma sem við áttum saman meðan á smíði ritgerðarinnar stóð.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Abstract	4
Formáli	5
Efnisyfirlit	7
1 Inngangur	9
2 Fræðileg umfjöllun	13
2.1 Barnavernd.....	13
2.1.1 Hlutverk barnaverndarstarfsmanns.....	14
2.2 Fjölskyldur og uppeldi barna.....	15
2.2.1 Fjölskyldan	15
2.2.2 Tengslakenning	16
2.2.3 Foreldrafærni	18
2.2.4 Uppeldisaðferðir	19
2.2.5 Líkön.....	20
2.3 Áttan - uppeldisráðgjöf	23
2.3.1 Áttan	23
2.3.2 Markmið og hugmyndafræði Áttunnar	24
2.3.3 Starfsaðferðir ráðgjafa Áttunnar.....	27
2.4 Staða þekkingar	29
2.4.1 Innlendar rannsóknir.....	29
2.4.2 Erlendar rannsóknir	30
3 Aðferðafræði	35
3.1 Markmið rannsóknarinnar	35
3.2 Rannsóknaraðferð.....	35
3.2.1 Viðtöl.....	36
3.2.2 Viðtalsvísir.....	37
3.2.3 Gæði rannsókna	37
3.3 Framkvæmd	38
3.3.1 Úrvinnsla gagna.....	39
3.3.2 Siðferðileg álitamál.....	40
4 Niðurstöður	43

4.1 Takmarkað framboð	43
4.1.1 Skortur á úrræðum.....	45
4.2 Eðli máls	46
4.3 Starfsaðferðir Áttunnar.....	48
4.3.1 Kortlagning vandans	50
4.3.2 Samvinna	52
4.4 Fjölpættur vandi	52
4.4.1 Hegðunarvandi	54
4.4.2 Þunglyndi og kvíði.....	55
4.5 Gagnsemi	57
4.5.1 Vægt úrræði.....	58
5 Umræða.....	63
5.1 Hvert er viðhorf og mat á starfsemi Áttunnar?	63
5.2 Hvenær í ferli máls er fjölskyldum vísað í Áttuna?	65
5.3 Hver er meginvandi fjölskyldna sem vísað er til Áttunnar að mati tilvísenda?	67
5.4 Hvernig nýttist uppeldisráðgjöf Áttunnar að mati tilvísenda?	69
5.4.1 Samantekt.....	71
6 Lokaorð.....	73
Heimildaskrá	75
Viðauki	80
Fylgiskjal 1.....	80
Fylgiskjal 2.....	83
Fylgiskjal 3.....	85

1 Inngangur

Foreldrahlutverkið er eitt af mikilvægustu hlutverkum sem fólk tekur að sér á lífsleiðinni og reynist mörgum foreldrum erfitt verkefni. Hlutverk barnaverndar er meðal annars að styðja foreldra í því. Í barnaverndarlögum er lögð áhersla á að foreldrar sýni nærgætni og sinni forsjár- og uppeldisskyldum sínum og þörfum barnsins (Kessling, Winter, Horjus, Schoor og Yperen, 2012).

Tilgangurinn með vinnu barnaverndarstarfsmanna er að styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu með því að veita þeim stuðning og beita viðeigandi úrræðum í þeim tilgangi að bæta aðstæður og vernda þau börn sem þess þurfa. Barnaverndarstarfsmaður vinnur með foreldrum í því að auka styrk þeirra, kunnáttu og skilning til að gera þeim fært að leiðbeina börnum sínum svo þau verði heilbrigðir einstaklingar (Kessling, Winter, Horjus, Schoor og Yperen, 2012; Barnaverndarlög, nr. 80/2002).

Niðurstöður rannsókna hafa sýnt að uppeldisaðferðir foreldra eru lykillinn að því að bæta og breyta hegðun barna til hins betra. Það sem skiptir máli í uppeldi barna er að barnið tengist umönnunaraðila sínum til að hægt sé að tryggja þroska og farsæld í framtíðinni (Sigrún Júlíusdóttir, 2006; Félagsmálaráðuneyti og Barnaverndarstofa, 2007).

Áhersla hefur verið lögð á að innleiða ný úrræði í barnaverndarmálum hér á landi til að styðja foreldra í uppeldishlutverkinu. Markmiðið með nýjum úrræðum er að vinna með foreldrum og börnum í þeirra eigin umhverfi og draga þannig úr vistun inni á stofnun og stytta tíma barna sem fara í fóstur (Félagsmálaráðuneyti og Barnaverndarstofa, 2007).

Áttan - uppeldisráðgjöf er nýlegt úrræði barnaverndar Kópavogs sem var stofnað árið 2011. Frá árinu 2013 hefur þjónustudeild um málefni fatlaðra einnig getað vísað fjölskyldum í uppeldisráðgjöf hjá starfsmönnum Áttunnar. Starfsmenn Áttunnar vinna inni á heimilum fjölskyldna þar sem þeir veita foreldrum ráðgjöf við uppeldi barna sinna. Uppeldisráðgjöfin felur í sér að greina vanda innan fjölskyldukerfisins í samvinnu við fjölskylduna og aðstoða við að finna viðeigandi lausnir (Velferðarsvið Kópavogsbæjar, 2013).

Starfsemi Áttunnar hefur ekki verið metin og er þessi rannsókn því mikilvægur þáttur til að endurskoða starfsemina. Rannsóknin er eigindleg matsrannsókn.

Við gagnaöflun voru tekin eigindleg viðtöl við fimm barnaverndarstarfsmenn og tvo starfsmenn í málaflokki fatlaðra. Markmiðið með rannsókninni er að fá mat og viðhorf tilvísenda til Áttunnar. Tilgangurinn er að kanna hvernig þjónustan fer fram og hugsanlega koma með ábendingar um hvað hefur tekist vel og hvað mætti betur fara, með það í huga að þróa þjónustuna enn frekar. Niðurstöður rannsóknarinnar eru gagnlegar að mati rannsakanda til að þróa Áttuna í átt að því markmiði sem lagt var upp með við stofnun.

Með tilliti til markmiða rannsóknarinnar eru rannsóknarspurningar eftirfarandi:

- Hvert er viðhorf og mat tilvísenda á starfsemi Áttunnar?
- Hvernig nýttist uppeldisráðgjöf Áttunnar að mati tilvísenda?
- Hvenær í ferli máls er fjölskyldum vísað í Áttuna?
- Hver er meginvandi fjölskyldna sem vísað er til Áttunnar að mati tilvísenda?

Að loknum almennum inngangi ritgerðarinnar er fræðilegum bakgrunni rannsóknarinnar lýst. Skýrt verður frá ferli barnaverndarmála, hlutverki barnaverndar og starfi barnaverndarstarfsmanna. Greint verður frá uppeldishlutverki foreldra, foreldrafærni og tengslakenningu. Fjallað verður um vanda foreldra og barna í barnavernd og hvert eðli tilkynninga er í barnaverndarmálum. Skoðaður er hugmyndafræðilegur bakgrunnur og markmið með starfsemi Áttunnar, menntun og starfsaðferðir ráðgjafa hennar. Í lok umfjöllunar um Áttuna verður farið yfir nýlegar innlendar og erlendar rannsóknir á sambærilegum úrræðum. Í þriðja kafla er greint frá framkvæmd rannsóknar, úrvinnslu gagna, siðferðilegum þáttum og takmörkunum rannsóknarinnar. Í fjórða kafla eru niðurstöður rannsóknar settar fram. Þá er umræðukafli þar sem niðurstöðurnar eru reifaðar og settar í fræðilegt samhengi. Í sjötta kafla eru síðan lokaorð. Í viðauka eru þrjú fylgiskjöl sem lagt var upp með í rannsókninni. Fylgiskjöl innihalda viðtalsvísi, kynningarbréf og upplýst samþykki.

Notast var við ýmsar heimildir við vinnslu rannsóknarinnar, flestar úr fræðilegum bókum og ritrýndum greinum. Einnig var stuðst við lög, reglugerðir, skýrslur og annað efni sem snéri að efni rannsóknar. Forstöðumaður Áttunnar útvegaði rannsakanda ýmis gögn til vinnslu rannsóknar.

2 Fræðileg umfjöllun

Í fræðilega kaflanum verður fjallað um hlutverk barnaverndar. Greint verður frá uppeldishlutverki foreldra, tengslakenningum og mismunandi aðferðum í uppeldi barna. Vandí foreldra og barna er skoðaður og hvert eðli tilkynninga er í barnaverndarmálum. Sagt er frá Áttunni, fjallað um hugmyndafræðilegan bakgrunn og markmið úrræðisins. Í lok umfjöllunarinnar er farið yfir nýlegar innlendar og erlendar rannsóknir á sambærilegum úrræðum. Í þessum hluta verður farið yfir markmið barnaverndar í vinnslu máls og hlutverk barnaverndarstarfsmanns.

2.1 Barnavernd

Barnavernd vinnur að málefnum barna á grundvelli barnaverndarlaga og er hverju sveitarfélagi fyrir sig skylt að sinna barnavernd. Barnaverndarnefnd í Kópavogi fer með verkefni barnaverndarlaga nr. 80/2002 og ber ábyrgð á meðferð barnaverndarmála. Almennt hlutverk barnaverndar er að kanna aðbúnað og háttsemi um uppeldisskilyrði barna með því að meta fyrst þarfir þeirra barna sem ætla má að búi við óviðunandi aðstæður, sæti illri meðferð eða eigi í alvarlegum félagslegum erfiðleikum. Mál hefst hjá barnavernd þegar tilkynning berst um að forsjáraðilar sinni ekki barni sínu. Ef barnavernd ákveður út frá tilkynningu að hefja könnun er sent bréf til forsjáraðila. Við könnun máls skal fá skýra mynd af högum fjölskyldu, safna saman mikilvægum upplýsingum og vinna að því að byggja upp traust við fjölskyldu. Í könnun er metið hvort fjölskylda þarf á úrræðum að halda. Ef könnun leiðir í ljós að þörf sé á beitingu sérstakra úrræða skal barnavernd í samvinnu við foreldri eða foreldra og eftir atvikum börn sem hafa náð 15 ára aldri, gera skriflega áætlun um frekari meðferð máls. Barnavernd veitir foreldrum uppeldisráðgjöf til að tryggja velferð barna og að þau búi við viðunandi uppeldisskilyrði (Barnaverndarlög, nr. 80/2002; Velferðarsvið Kópavogs, 2013).

Á árinu 2013 bárust Kópavogsbæ 717 tilkynningar vegna 442 barna sem er tæplega 5% barna sem býr í bænum. Oftast var tilkynnt um áhættuhegðun barns eða í 320 tilvikum og þar af mest um afbrot barna, eða í 213 tilvikum. Tilkynnt var í 173 skipti um ofbeldi og þá oftast um tilfinningalegt ofbeldi eða í 110 skipti. Vanræksla var tilkynnt

215 sinnum, þar af oftast tilkynnt um vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit eða 164 tilvik (Velferðarsvið Kópavogs, 2013).

2.1.1 Hlutverk barnaverndarstarfsmanns

Þegar mál er í vinnslu hjá barnavernd ber starfsmönnum fyrst og fremst að hafa hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Mikilvægur liður í því að styrkja umhverfi barna og uppeldisskilyrði er að leiðbeina foreldrum þannig að þeir séu betur í stakk búnir til að takast á við hlutverk sitt (O'Loughlin og O'Loughlin, 2012).

Þegar barnaverndarstarfsmaður metur hvort þörfum barns sé nægilega vel sinnt og þá hvaða stuðning þurfi til þess að auka hæfni foreldra til þess að mæta þörfum barns er mikilvægt að skoða tengsl milli foreldra og barns. Þá þarf barnaverndarstarfsmaður að íhuga hvort skaði yrði minni með því að slíta sambandi milli foreldra og barns, hvort hægt sé að breyta sambandi milli foreldra og barns eða hvort barnið sé hugsanlega betur sett með nýjum forsjáraðili. Þessi atriði þarf barnaverndarstarfsmaður að vega og meta í samráði við fjölskyldu þegar hann metur aðstæður hennar (Beckett og Taylor, 2012).

Ef niðurstaða mats bendir til þess að foreldrar þurfi á að halda leiðsögn og leiðbeiningum varðandi uppeldi ber barnaverndarstarfsmanni að útvega slíkan stuðning. Stuðningur er veittur í samvinnu við foreldra, og skal þá barnavernd beita úrræðum sem henta best hverju sinni og þykja góð til að tryggja hagsmuni og velferð barna (Goodson, 2005; Berry o.fl., 2003).

Þekkt er í barnavernd að veitt sé ráðgjöf inni á heimili frekar en að vista barn annars staðar. Slík nálgun er ekki ný af nálinni. Í samtímanum er lögð ríkari áhersla á að bjóða foreldrum aðstoð inn á heimilið í ákveðinn tíma frekar en að vista barn annars staðar því rannsóknir hafa sýnt að aðstoð á heimili gefur betri árangur. Barni líður betur að alast upp með fjölskyldu sinni (Action for Children, 2013; Petr, 2003).

Erlendar rannsóknir sýna að úrræði sem miða að því að unnið sé með fjölskyldu á heimavelli er góð leið til að gefa mynd af aðstæðum og geta gefið enn betri upplýsingar um fjölskyldu. Þá hafa ráðgjafar sem vinna með foreldrum bent á að foreldrar eru móttækilegri fyrir leiðbeiningum og ráðgjöf varðandi uppeldishlutverkið þegar unnið er með þeim á heimili þeirra. Markmið með úrræðum er að þjálfa foreldra í

uppeldishlutverkinu og auka þekkingu þeirra foreldrahlutverkinu (Goodson, 2005; Action for Children 2013: Howard og Brooks-Gunn, 2009; Hill, 2004).

Þegar fjölskylda fær stuðning inn á heimili þarf barnaverndarstarfsmaður að skoða hvort hugmyndafræðin og starfsaðferðirnar mæti þörfum fjölskyldunnar. Skoða þarf vel hvert sé markmið og tilgangur úrræðanna og setja það í samhengi við vanda fjölskyldunnar (O'Loughlin og O'Loughlin, 2012).

Samkvæmt barnaverndarlögum hefur barnavernd á Íslandi kost á að veita í samráði við fjölskyldu tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa fyrir barnið og stuðningsfjölskyldu. (Barnaverndarlög, nr. 80/2002). Sveitarfélögin hafa stofnað mismunandi úrræði með það markmiði að efla foreldra í uppeldishlutverkinu heima fyrir. Í Reykjavík býður barnavernd upp á stuðningsúrræðið *Greiningu og ráðgjöf* sem er á vegum barnaverndar og þjónustumiðstöðvar bjóða upp á *Stuðninginn heim*. Í Kópavogi er boðið foreldrum upp á Áttuna sem er úrræði unnið út frá barnavernd og þjónustudeild um málefni fatlaðra (Barnaverndarstofa, e.d.a).

2.2 Fjölskyldur og uppeldi barna

Í þessum kafla verður fjallað um fjölskyldur og tengslakennningar. Rætt verður um foreldrafærni og ríkjandi uppeldisaðferðir. Að lokum verður sagt frá líkönum sem notuð eru til að meta vanda foreldra og barna í barnavernd.

2.2.1 Fjölskyldan

Samsetning fjölskyldna er fjölbreytt og hefur form fjölskyldna breyst talsvert og þróast á liðnum áratugum. Mörg börn og unglingar alast nú upp á tveimur heimilum. Ástæður þess geta verið skilnaður foreldra eða að foreldrar hafi aldrei búið saman. En burt séð frá mismunandi búsetuformum þá virðist það mestu skipta í uppeldi barna að þau tengist umönnunaraðilum sínum jákvæðum böndum. Sterk jákvæð tengsl eru mikilvæg til þess að styðja við farsælan þroska barna (Sigrún Júlíusdóttir, 2006).

Margir foreldrar standa frammi fyrir því að börn þeirra alast upp við aðstæður og umhverfi sem er ólíkt því sem þeir sjálfir ólust upp við. Gömlu aðferðirnar við uppeldi duga ekki og foreldrar þurfa að fara nýjar leiðir í uppeldi sínu. Þetta á ekki síst við ef vandi kemur upp varðandi uppeldi barna en í þeim tilvikum reynir á færni foreldra (Sigrún Júlíusdóttir, 2006).

Nú á dögum er litið á barn sem einstakling sem á réttindi, ekki sem eign foreldra sinna. Ef fjölskyldum er ekki gert kleift að rækta hlutverk sitt er hættu á því að fjölskyldan geti ekki skyldu sinni. Ef ekki er gert ráð fyrir fjölskyldu í samfélaginu verður stefnuleysi í fjölskyldunni, vanræksla og aðgerðaleysi. Barnið verður ósjálfstætt, vanmáttugt og líðan þess getur einkennst af reiði (Sigrún Júlíusdóttir, 2006; Þórhildur Líndal, 2007).

2.2.2 Tengslakenning

Hlutverk fjölskyldunnar er mikilvægt í því að undirbúa vel börn, unglinga og ungt fólk, vitsmunalega, félagslega og tilfinningalega undir þátttöku í hinum stóra heimi (Hrund Þórarinsdóttir og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2010).

John Bowlby setti tengslakenninguna (e. Attachment Theory) fram um miðja 20. öld. Rannsókn hans snéri að því að skoða börn sem höfðu verið aðskilin frá foreldrum sínum um langt skeið og ung börn sem höfðu ekki fengið þá örvun sem þótti nauðsynleg þroska barna. Bowlby taldi ástæðuna fyrir því að börn sýndu hegðunarvanda, tilfinninga- eða heilsufarslegan vanda vera skort á tengslum í bernsku (Howe, Brandon, Hinings, Schofield, 1999; Turner, 2011).

Með tengslakenningunni er vísað í gæði tengsla barns við umönnunaraðila sem hefur áhrif á hæfni barnsins til að mynda tengsl og upplifa öryggi í nánustu framtíð. Bowlby taldi börn búa yfir meðfæddu hegðunarmynstri og að þau leiti eftir því að bindast foreldrum sínum ákveðnum böndum. Samkvæmt kenningu Bowlbys hafa gæði sambands barns og umönnunaraðila á fyrstu æviárum barns áhrif á öryggis-tilfinningu barnsins og getu þess til að byggja upp traust sambönd við aðra í framtíðinni. Með góðum tengslum sé lagður grunnur að andlegri heilsu barnsins (Berk, 2009).

Bowlby skipti tengslamyndunarskeiðinu niður í fjögur stig. Fyrsta stigið er *forgeðtengslaskeið* (e. Preattachment Phase) sem stendur frá því barnið fæðist til sex vikna aldurs. Stigið einkennist af meðfæddum merkjum sem barnið gefur frá sér áður en það hefur myndað geðtengsl. Annað stig er *geðtengsl í mótun* (e. Attachment in the Making) frá sex vikna til sex/átta mánaða aldurs. Hér byrjar barnið að mynda tengsl við umönnunaraðila og á þessu stigi bregst barnið við umönnunaraðila og ókunnugum á ólíkan hátt. Þriðja skeiðið er skeið *skýrra geðtengsla* (e. Clear Cut Attachment Phase) og stendur frá sex/átta mánaða til tveggja ára aldurs. Hér eru tengslin milli barns og umönnunaraðila orðin skýr. Á þessu stigi finna börn nærveru foreldra sem örugga höfn

og leita til þeirra eftir stuðningi. Síðasta stigið er *myndun gagnkvæms sambands* (e. Formation of a Reciprocal Relationship) sem á sér stað frá tveggja ára og út allt lífið. Börnin sjálf skapa sér ákveðið módel sem byggir á reynslu af þessum fjórum stigum tengslakenningar. Margar breytingar eiga sér stað á þessu tímabili í tengslum við þroska, talkunnáttu og fleira sem veldur því að börn skilja nú hvers vegna foreldrar þurfa að fara frá þeim og geta spáð fyrir eða gert ráð fyrir endurkomu foreldris. Börnin hafa meiri skilning á aðstæðum sínum sem gerir það að verkum að aðskilnaðarkvíðinn dvínar. Því eldri sem börn verða því minna verða þau háð foreldrum sínum (Berk, 2009; Beckett og Taylor, 2012).

Mary Ainsworth (1969) var aðstoðarmaður Bowlbys og þróaði kenningu hans lengra, og sagði að tengsl foreldra og barns hefðu bæði áhrif á tengslamyndunarskeiði en líka í framtíðinni. Ainsworth sagði ef barn næði ekki að tengjast umönnunaraðila næði sjálfsmynd barnsins ekki að þroskast því sjálfsmynd eflist í nánnum samskiptum við móður. Ainsworth gerði rannsókn þar sem hún skipti tengslum niður í örugg og óörugg tengsl. Rannsókn hennar „Ókunnugar aðstæður“ (e. Strange Situation) snéri að því að skoða viðbrögð barns þegar móðirin fór frá því og hvernig barn notar móður sína þegar það er í aðstæðum sem það þekkir ekki til að skapa örugga höfn (e. secure base). Þegar tengsl barns byggja á óöruggum tengslum við móður sýnir það sömu viðbrögð gagnvart ókunnugum og móður sinni og sýnir engin merki um að vilja fara til hennar aftur (Howe o.fl., 1999; Berk, 2009). Erfiðar fjölskylduaðstæður eins og atvinnuleysi og togstreita milli foreldra geta haft áhrif á tengsl foreldra og barns. Slík streita getur haft áhrif á öryggistilfinningu barns. Kenningar Bowlbys og Ainsworth benda til þess að tengsl barns við umönnunaraðila hafi áhrif og að ef tengsl eru takmörkuð í æsku geti það haft áhrif á félagsfærni og sjálfsmynd viðkomandi á fullorðinsárum (Berk, 2009).

Howe (2005) lýsti þremur gerðum tengsla foreldra við barn, örugg (e. secure), hafnandi (e. avoidant) blandaðar aðferðir (e. ambivalent). Hann sagði foreldrar flokkast í flokka eftir næmni þeirra og áhuga á börnum sínum. Bæði hafnandi og blandaðar aðferðir má tengja við foreldra sem vanrækja börn sín. Örugg tengsl koma fram þegar foreldrar eru viðkvæmir, ástúðlegir, ábyrgir, samkvæmir sjálfum sér og til staðar fyrir börnin sín. Það sem einkennir foreldra þar sem skortur er á tengslum við barnið er að líðan og þarfir foreldranna eru settar ofar barninu. Foreldrar eru ónæmir á þarfir barna sinna og lítil sem engin tengsl milli foreldra og barns (Howe o.fl.,1999; Stevenson, 2008).

Tengslakenningin er mikilvæg þegar meta skal hæfni foreldra. Í barnavernd er unnið með foreldrum og börnum og tengslakenningin aðstoðar barnaverndarstarfsmann við að skilja og ná utan um tengsl foreldra og barns en það er ein af undirstöðunum í hlutverki hans sem ráðgjafa fjölskyldu (Howe o.fl., 1999; Turner, 2011).

2.2.3 Foreldrafærni

Eins og komið hefur fram gegnir uppeldi barna lykilhlutverki í því að börn nái að þroskast og þegar litið er til fullorðinsára er það æskan sem mótar börnin. Á uppvaxtarárum eru börn að læra og þroska með sér félags- og vitsmunalega þætti sem þau munu taka með sér inn í fullorðinsárin. Umhverfið hefur áhrif á mótun einstaklings, sérstaklega hegðun foreldra og þeirra viðhorf gegnir mikilvægu hlutverki í lífi barns til 14 ára aldurs. Á þeim tíma eru börn að öðlast hæfileika og gildi og móta viðeigandi hegðun og grunnatriði persónuleikans. Áhrif sem foreldrar hafa á þroska barna sinna endurspeglast bæði í munnlegum samskiptum án orða og, ásamt hegðun sem sýnir hlýleika eða höfnun. Foreldrar sem sýna hlýleika í garði barna sinna eru sanngjarnir, styðja og nota jákvæða styrkingu þegar þeir eiga í samskiptum við þau eins og hvatningu, nota jákvæðan tón í munnlegum samskiptum, húnur og faðmlag hafa í för með sér að bæði foreldri og barn eru meðvituð um tilfinningalegs samband sitt á milli (Ródenas, Garces og Martínez, 2013).

Rannsóknir hafa sýnt að þegar foreldrar nota jákvæðar uppeldisaðferðir leggur það grunn að því að líðan barna og skólaganga þeirra verði betri en harður agi getur skapað vandamál hjá barninu þegar það hefur náð fullorðinsaldri. Til að foreldrar geti sinnt börnum sínum og þeim liðið vel hjá foreldrunum er mikilvægt að beita uppbyggilegum uppeldisaðferðum. Uppbyggilegar uppeldisaðferðir byggja á því að foreldrar stuðli að jákvæðri hegðun, hrósi þeim, setji börnum mörk og útskýri fyrir þeim rétta hegðun. Mikilvægt er að foreldrar temji sér góðar aðferðir því að börn læra af hegðun foreldra sinna (Crockett, Brown, Russell og Shen, 2007).

Þegar foreldrar beita uppbyggilegum uppeldisaðferðum styðja þeir börnin við að fá þörfum sínum fullnægt innan fjölskyldunnar. Ekki er hægt að líta fram hjá því að þegar börn fæðast inn í fjölskyldu geta verið vandamál í fjölskyldunni fyrir og þau vandamál geta haft áhrif á þroska og hegðun barns (Sigrún Júlíusdóttir, 2006).

Hér á landi lét Barnaverndarstofa þýða leiðbeiningar Evrópuráðsins til fagfólks sem vinnur náið með börnum og foreldrum varðandi foreldrahæfni. Þar er foreldrahæfni skilgreind sem „hegðun foreldra og gildismat sem byggist á því sem barninu er fyrir bestu“. Foreldrafærni er fólgin í að læra að vinna með barninu, bæði gefa og þiggja og virða heiðarleika og siðgæði, jafnt sjálfs síns og barnsins. Í því felst að setja barninu mörk og ala það upp án ofbeldis þannig að hvert barn nái besta mögulegum þroska (Evrópuráð, 2005).

Hlutverk fagmanns sem fer inn á heimili snýr að því að leiðbeina foreldrum í uppeldishlutverkinu. Í málefnum barna þarf því sérmenntaða fagaðila sem búa yfir vitneskju um þroska og hegðun þeirra. Starfsmenn séu valdir eftir menntun í samræmi við markmið þjónustunnar. Leggja þarf áherslu á fagmannlega vinnu og nýta gagnreyndar aðferðir. Starfsmenn þurfa að fá handleiðslu en markmiðið með handleiðslu er að bæta líðan starfsmanns í vinnuumhverfi sínu og að gera honum kleift að njóta starfs síns til fulls og læra af eigin upplifunum í starfi. Með handleiðslu getur viðkomandi nýtt hæfni sína betur í starfi, ásamt því að handleiðsla gerir honum betur kleift að greina milli einkalífs og starfs og beita faglegum aðferðum í störfum sínum í stað tilfinningasemi. Þar fá starfsmenn tækifæri til að miðla reynslu sem þeir hafa aflað sér í tengslum við vinnu sína og með því geta starfsmenn veitt hver öðrum stuðning. Einnig er nauðsynlegt að halda utan um tölfræðilegar upplýsingar tengdar úrræðinu til að hægt sé að meta árangur (Howard og Brooks-Gunn, J., 2009).

2.2.4 Uppeldisaðferðir

Kenning Diönu Baumrind (1966) um mismunandi uppeldisaðferðir foreldra er leið til að lýsa mismunandi aðferðum sem foreldrar nota við uppeldi barna sinna. Hún flokkar uppeldisaðferðir foreldra í fjóra flokka. Leiðandi (e. authoritative), skipandi (e. authoritarian), eftirlátir (e. permissive) og afskiptalausir (e. rejective/neglective) foreldrar. „Ákveðnir en hlýlegir í samskiptum“ einkennir leiðandi foreldra. Beitt er aðhaldi í uppeldi og börnum og unglingum er stjórnað mildilega. Einkennandi fyrir þessa foreldra er að þeir hvetja og viðurkenna, samskiptin einkennast af hlýleika og tekið er mið af skoðunum barnanna. Samband foreldra við börn tekur mið af þroska og þörfum barna og foreldrar útskýra og leiðbeina börnum sínum, sem eflir þroska barnanna, bæði

vistmunalega og félagslega, styrkir sjálfsmýnd þeirra og ábyrgðarkennd. Skipandi foreldrar reyna að stjórna börnum sínum og skipa þeim fyrir. Reglur eru settar á heimilinu án þess að útskýra fyrir börnunum hvers vegna. Það sem foreldrar ákveða er gott og gilt og ekkert annað kemur til greina, með öðrum orðum, sjálfstæði barnanna er takmarkað. Foreldra skortir hlýju í samskiptum, barn fær athygli fyrir neikvæða hegðun frekar en jákvæða. Eftirlátir foreldrar leyfa börnum sínum að ráða og engar reglur eru á heimilinu. Börnum er leyft að taka stjórnina í sínar hendur og foreldri ráðfærir sig við barnið um ákvarðanir sínar. Afskiptalausir foreldrar veita börnum sínum hvorki stuðning né setja þeim mörk eða gera kröfur. Foreldrar beita engum uppeldisaðferðum og láta börnin afskiptalaus (Baumrind, 1966, 1971, 1991; Bornsteins og Bornsteins, 2007). Fram kom í rannsókn Steinberg (2001) að leiðandi uppeldi skilar betri árangri en aðrar uppeldisaðferðir. Börn þeirra foreldra sem notast við leiðandi uppeldisaðferðir sýna mesta náms- og félagsþæfni og þau finna síst fyrir streitu og depurð. Börn þeirra foreldra sem notast við slíka aðferð eru ólíklegri að sýna áhættuhegðun en önnur börn. Þegar foreldri notast við leiðandi uppeldi eykur það sjálfstraust barnanna, félagsþroska og sjálfsgæta, börnin eru glaðværrari og öruggari félagslega. Leiðandi uppeldi er gott veganesti og ákjósanlegur kostur þegar foreldrar eru að ala upp barn á mismunandi þroskastigum. Rannsókn Sigrúnar Aðalbjarnadóttur (2007) á íslenskum börnum staðfestir að leiðandi uppeldi reynist börnum betur en aðrar aðferðir. Samskipti foreldra og barns eru betri, börnin eru færari í samskiptum, hafa meira sjálfsgæta, þau eiga betra með að setja sig í spor annarra og eru færari um að leysa úr ágreiningi. Foreldrar sem eru leiðandi hlúa að börnum sínum og hvetja til sjálfstæðis, setja skýrari reglur og stuðla að samkeppni og sjálfstjórn hjá barninu.

2.2.5 Líkön

Þegar mál eru í vinnslu hjá barnavernd á Íslandi notast barnaverndarstarfsmenn við líkanið skilgreiningar og flokkunarkerfi í barnavernd (SOF) sem þróað var af Freydísi J. Freysteinsdóttir (2012) en með líkaninu er eðli tilkynningar metið. Þegar áhættuþættir og verndandi þættir eru skoðaðir er eðli tilkynninga flokkað niður í fjóra þætti og hver þáttur hefur undirflokk. Aðalþættirnir eru ofbeldi, vanræksla, áhættuhegðun barna og að heilsu og lífi ófæddes barns sé stefnt í hættu (Freydís, J. Freysteinsdóttir, 2012).

Fyrsti flokkur er ofbeldi sem flokkast í tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi, líkamlegt ofbeldi og kynferðislegt ofbeldi. Annar flokkur er vanræksla, þá er átt við að foreldrar sinni ekki nauðsynlegum athöfnum sem getur leitt til skaða. Vanrækslu er svo skipt niður í fjóra undirflokka. Í fyrsta lagi er það vanræksla varðandi umsjón og eftirlit þar sem öryggi barna og velferð er í hættu, í öðru lagi er það líkamleg vanræksla, í þriðja lagi vanræksla varðandi nám barnsins og í fjórða lagi tilfinningaleg og sálræn vanræksla foreldra gagnvart barni. Þriðji flokkur snýr að áhættuhegðun barns, sem er skipt niður í fimm flokka, afbrot barns, stefnir eigin lífi og þroska í hættu, barn beitir ofbeldi, neytir vímuefna eða erfiðleikar barns í skóla. Fjórði hluti er þegar móðir stefnir lífi ófæddis barns í hættu (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2012; Freydís J. Freysteinsdóttir, 2005: Stevenson, 2008).

Árið 1980 setti fram Belsky fram margþáttalíkan (e. transactional) þar sem hann gerir grein fyrir mikilvægu samspils þeirra þátta og kerfa sem einstaklingur tilheyrir. Vanræksla og ofbeldi geta átt sér stað þegar eðli og magn áhættuþátta fara umfram eðli og magn verndandi þátta. Þá er líkanið notað til að meta áhættuþætti og verndandi þætti í umhverfi viðkomandi. Belsky- líkaninu er skipt niður í fjögur stig eða þætti sem Belsky taldi vera streituvaldandi fyrir fjölskyldu. Fyrsta stigið tekur mið af vandamáli foreldra og barns. Annað stig eru fjölskylduþættir, tengsl og samskipti á milli foreldra annars vegar og hins vegar milli foreldra og barns. Þriðja stig eru samfélagslegir/félagslegir þættir eins og stuðningur við fjölskylduna, góð dæmi eru skortur á tengslaneti, félagsleg einangrun og skortur á stuðningi frá samfélaginu. Fjórða stig líkans snýr að menningarlegum þáttum, gildum, skoðunum og viðmiðum foreldra (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2005).

Þau mál þegar foreldrar vanrækja börnin sín eru mjög erfið. Rannsóknir hafa sýnt að í fleiri tilvikum eru það mæður heldur en feður sem vanrækja börnin sín. Foreldrar sem vanrækja börnin sín glíma margir við geðræna erfiðleika, þunglyndi, kvíða, vonleysi, litla einbeitingu, lítið sjálfstraust og áfallastreituröskun. Þetta eru allt þættir sem geta haft þau áhrif að foreldrar eigi erfitt með að sinna uppeldishlutverkinu vegna veikinda, sem setur barn í enn meiri hættu gagnvart vanrækslu eða ofbeldi. Þá eru foreldrar oft félagslega einangraðir, atvinnulausir, fá lítinn stuðning frá umhverfinu og/eða búa við fátækt. Því meiri vanda sem foreldrar kljást við, því meiri líkur eru á því að barn sé vanrækt eða beitt ofbeldi (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2005; Berry o.fl., 2003).

Erfiðleikar geta haft áhrif á uppeldishlutverkið hjá þunglyndum mæðrum. Þær geta haft neikvæð áhrif á börn sín og eru oft ekki sanngjarnar í samskiptum við þau. Einnig er oft skortur á tengslamyndun, oft óleystur ágreiningur milli fjölskyldumeðlima, lítið um jákvæð samskipti, pirringur í samskiptum og lítið um hlýju og samúð í garð fjölskyldumeðlima. Eftirtekt fyrir neikvæðar athafnir er meira áberandi en það sem gengur vel hjá börnunum. Þunglyndar mæður nota frekar uppeldisaðferðir eins og refsingar til að kenna börnum ákveðna hegðun en jákvæðar uppeldisaðferðir. Í uppeldishlutverkinu eiga foreldrar það til að gefast fljótt upp og samskipti við börnin eru erfið. Meiri líkur eru á að foreldrar eigi í erfiðleikum með að skipuleggja líf sitt og er þá hættara við að mál þeirra lendi hjá barnavernd (Gerdes, Hoze, Arnold, Pellham, Wigal og Jensen, 2007; Berry o.fl., 2003; Gylfi Jón Gylfason, Zulima Gabriela Sigurðardóttir, Sigurgrímur Skúlason, Berglind Dögg Bragadóttir, Rannveig Einarsdóttir, Ragnheiður Sif Gunnarsdóttir og Haukur Ingi Guðnason, 2009). Rannsóknir hafa sýnt að þeir foreldrar sem sjálfir voru vanræktir eru líklegri til að vanrækja börn sín. Yfir 30% þeirra foreldra sem beita börn sín ofbeldi voru beittir ofbeldi í æsku. Einnig hafa rannsóknir sýnt að foreldrar sem sýna óörugg tengsl, halda sig í fjarlægð frá barninu eða sýna blendnar tilfinningar gangvart barni, eru líklegri að misnota börn sín en þeir foreldrar sem hafa upplifað örugg tengsl (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2005; Holland, 2004).

Vanrækt börn geta átt í erfiðleikum með hegðun og geta átt erfitt í félagslegum samskiptum. Afleiðingar vanrækslunnar geta verið bæði líkamlegar og andlegar. Börn í þessum hópi eiga á hættu að þróa með sér ýmsa geðræna sjúkdóma eins og áfallastreituröskun, þunglyndi, kvíða og persónuleikaraskanir. Þegar barn er vanrækt getur það haft áhrif á vistmunalegan þroska, námsárangur verður slakur, sjálfsálit verður lítið og börn verða árásgjarnari. Börn sem eru vanrækt eru líklegri til sýna oftari einkenni eins og reiði, árásarhneigð, vanmáttarkennd gagnvart öðrum og undanlátssemi en önnur börn. Ennfremur eru þau í aukinni hættu hvað varðar andleg veikindi (Berry o.fl., 2003; Miller-Perrin og Perrin, 2007). Rannsóknir hafa leitt í ljós að börnum í ákveðnum fjölskyldugerðum er hættara við að vera vanrækt. Það eru fjölskyldugerðir eins og einstæðir foreldrar, fjölskyldur með mörg börn og þar sem er lítið aldursbil milli systkina. Þá skipta tengsl og samskipti milli fjölskyldumeðlima máli og ef ágreiningur er milli foreldra annars vegar og foreldra og barna hins vegar er hættara við ofbeldi og vanrækslu (Brown, Cohen, Johnson og Salzinger, 1998; Freydís J. Freysteinsdóttir, 2008).

Þegar foreldrar uppfylla ekki þarfir barna sinna getur það leitt til andfélagslegrar hegðunar á unglingsárum. Fram kemur í grein Freydísar J. Freysteinsdóttir (2008) að Patterson, DeBaryshe og Ramsey (1989) settu upp líkan þar sem fram kemur þróun hjá börnum sem sýna andfélagslega hegðun. Út frá líkaninu er gert ráð fyrir að óæskileg hegðun barna eigi rætur að rekja í skorti á stuðningi, ögun og eftirliti í æsku. Með öðrum orðum er átt við vanrækslu sem kemur fram í hegðun barna strax á leikskólaaldri. Í byrjun grunnskóla fer barnið að sýna hegðunarvanda, sýnir skólaverkefnum lítinn áhuga og er neikvætt við hverskonar yfirvald. Þá stigmagnast neikvæð hegðun barnsins og barnið verður árásgjarnara í orði og gerðum. Slík áframhaldandi hegðun getur leitt til höfnunar í jafningjahópi og lélegs námsárangurs. Aðrir fræðimenn leggja áherslu á tengslamyndun milli foreldra og barns, sérstaklega þegar barn á erfitt með hegðun sína og er til dæmis hvatvíst. Hér þarf að hjálpa barninu að greina rétt frá röngu (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2008; Halldór S. Guðmundson, 2007).

2.3 Áttan - uppeldisráðgjöf

Hér verður farið yfir sögu Áttunnar, hvernig úrræðið er uppbyggt og hugmyndafræðina að baki Áttunnar. Kaflinn endar á samantekt á nýlegum innlendum og erlendum rannsóknum á sambærilegum úrræðum.

2.3.1 Áttan

Áttan – uppeldisráðgjöf er stuðningsúrræði á vegum barnaverndar í Kópavogi og var stofnað árið 2011. Úrræðið var í upphafi barnaverndarúrræði en árið 2013 var starfsemin útvíkkuð og fékk deild um málefni fatlaðra 50% stöðugildi við úrræðið. Starfsmenn Áttunnar vinna á heimavelli fjölskyldna að uppeldisráðgjöf sem er veitt á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002. Áður bauð barnavernd foreldrum upp á tilsjón en samkvæmt lögum er hún veitt á grundvelli barnaverndarlaga þegar leiðbeina á foreldrum um uppeldi og aðbúnað barna (Velferðarsvið Kópavogsbæjar, 2012).

Félagsmálaráð í Kópavogi hefur boðið upp á ýmis úrræði sem snúa að börnum og fjölskyldum þeirra. Stefna yfirvalda er að ekkert barn eigi að búa við vanrækslu, áreiti eða ofbeldi. Samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 eiga börn rétt á líkamlegri, andlegri og tilfinningalegri umhyggju. Ef brotið er á rétti barna á lögum samkvæmt að tilkynna það til barnaverndar. Unnið er með fjölskyldum með því að veita ráðgjöf, leiðbeiningar, meðferð og stuðning af ýmsum toga, í einstaka tilfellum er notast við

vistun utan heimilis til skemmri eða lengri tíma. Með því að styðja við stofnun Áttunnar vildu bæjaryfirvöld Kópavogs bjóða upp á stuðning inni á heimili fjölskyldna í vanda (Velferðarsvið Kópavogsbæjar, 2012).

Fyrsta árið sem Áttan var starfrækt fengu 11 fjölskyldur aðstoð. Árið 2012 fengu 24 fjölskyldur með 40 börn stuðning frá starfsmönnum Áttunnar. Árið 2013 fengu 34 fjölskyldur með 64 börn aðstoð frá starfsmönnum Áttunnar (Velferðarsvið Kópavogs, 2012; Velferðarsvið Kópavogs, 2013).

Árið 2012 og 2013 voru einstæðar mæður í meirihluta þeirra sem var vísað til Áttunnar og oftast með tvö börn á heimili. Það sem einkenndi foreldra var atvinnuleysi og andleg veikindi, oftast þunglyndi, kvíði eða líkamleg veikindi. Einnig sýndu gögn frá þessum árum að hluti foreldrana stríddi við vanda á borð við ADHD (Athyglisbrest og ofvirkni) og ADD (Athyglisbrest). Hluti þeirra foreldra sem vísað er í Áttuna eru seinfærir. Algengasti aldur barna árin 2012 og 2013 voru börn frá 4-9 ára, í flestum tilvikum voru þau með greiningar svo sem ADHD en frá árinu 2013, eftir að þjónustudeild málefni fatlaðra fékk aðgang að úrræðinu, hækkaði hlutfall einhverfra og barna með þroskaskerðingu (Lilja Rós Agnarsdóttir, 2012; Lilja Rós Agnarsdóttir, 2014).

2.3.2 Markmið og hugmyndafræði Áttunnar

Stofnun Áttunnar spannst út frá mikilli þörf fyrir nýtt úrræði í barnavernd Kópavogs. Hugmyndin þróaðist út frá tilsjónarúrræðinu og litið var til úrræða á borð við *Stuðninginn heim* og *Greining og ráðgjöf* í Reykjavík og reynslu þar af (Lilja Rós Agnarsdóttir munnleg heimild, 2. október 2014).

Tilsjón er stuðningsúrræði unnið samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002, reglugerð um ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga nr. 654/2004 nr. 625/2004 og handbók Barnaverndarstofu. Vinna tilsjónarmanna fer fram á heimili þar sem hlutverk hans er að aðstoða foreldra við að sinna forsjár- og uppeldisskyldum með tilliti til þarfa barnanna á heimilinu (Barnaverndarstofa, 2009).

Starfsmaður í tilsjón þarf að hafa reynslu af að vinna með börnum og fjölskyldum, vera góður í mannlegum samskiptum og hafa getu til að leiðbeina og miðla þekkingu og reynslu til foreldra. Ekki eru gerðar neinar kröfur um formlega menntun (Reglugerð um ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga nr. 654/2004).

Stuðningurinn heim er úrræði fyrir foreldra sem eiga við fjölpættan vanda að stríða og þar fær fólk leiðbeiningar og fræðslu. *Stuðningurinn heim* var stofnaður 15. október 2001. Markmiðið er að efla foreldra í uppeldishlutverkinu með því að draga fram styrkleika þeirra (Marta Joy Hermannsdóttir, 2012).

Greining og uppeldisráðgjöf heim var sett á laggirnar árið 2008 í Reykjavík. Úrræðið er hannað fyrir fjölskyldur sem eru með mál hjá barnavernd. Áhersla er á samvinnu og þátttöku foreldra. Markmiðið með ráðgjöfinni er að bæta foreldrafærni, kenna foreldrum að nota hrós, setja fastar venjur og reglur, leiðir til að tala við börn, setja mörk og róa sig niður. Heimsóknir frá ráðgjafa eru að jafnaði ein til tvær í viku og standa yfir að jafnaði í átta vikur. Þetta er ráðgjöf fyrir foreldra sem eiga börn 12 ára og yngri (Barnaverndarstofa, e.d.b).

Áttan er uppeldisráðgjöf sem felst í því að veita foreldrum stuðning, ráðgjöf og umönnun við uppeldi barna sinna. Ráðgjafar Áttunnar greina vanda, finna lausnir og leiðbeina foreldrum með því að efla samskipti foreldra og barns og aðlaga foreldra að nýjum uppeldisaðferðum. Til að ná þeirri nálgun er til dæmis notast við umbunarkerfi eða markvisst hrós til að ýta undir jákvæða hegðun barna. Markmiðið með Áttunni er að fyrirbyggja meiri vanda, styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu og styrkja og efla tengsl foreldra við barnið sitt. Hugsunin að baki er sú að Áttan sé forvarnarúrræði og snemmtæk íhlutun. Þá er lögð áhersla á að vinna með jákvæða hugsun og styrkja það sem foreldrar eru góðir í (Velferðarsvið Kópavogsbæjar, 2013; Lilja Rós Agnarsdóttir, munnleg heimild, 2. október 2014).

Ráðgjöf Áttunnar fer fram inni á heimili foreldra að jafnaði í 12 vikur en það er ekki algilt og í mörgum tilvikum eru ráðgjafar allt upp í 16 vikur eða lengur (Lilja Rós Agnarsdóttir, munnleg heimild, 2. október 2014).

Í vinnu inni á heimili er lögð áhersla á að vinna með fjölskyldunni út frá styrkleikum hennar. Tilgangurinn er að halda fjölskyldunum saman og að aðstoða foreldra við að tileinka sér þau grunnatriði sem börn þurfa á að halda til að eflast og þroskast (Barth o.fl., 2005; Anni G. Haugen, 2011-2012).

Helstu áhersluatriði geta verið ólík en þó er alltaf markmiðið að bæta hag barnsins og finna aðferð sem getur haft áhrif og bætt þekkingu foreldra og framkomu, veita foreldrum stuðning, auka færni þeirra í uppeldishlutverkinu ásamt því að koma

með hugmyndir að annars konar þjónustu fyrir fjölskylduna (Goodson, 2005; Howard o.fl., 2009).

Erlendar rannsóknir sýna að gott er að auka foreldrafærni með því að veita ráðgjöf inni á heimilum foreldra þegar mál þeirra eru hjá barnavernd. Þá hafa rannsóknir sýnt að fólki líður betur á heimilum sínum heldur en á stofnunum sem bendir til þess að foreldrar séu móttækilegri fyrir því að læra nýja hluti og deila upplifun og reynslu af uppeldi barna sinna þegar þeir eru heima. Það hefur sýnt sig að í barnavernd er ekki nóg að veita fræðslu heldur eru gagnlegustu aðferðirnar að kenna og aðlaga fræðslu að daglegu lífi foreldra með því að beita sýnikennslu á heimavelli, fyrirmælum og sjónrænum vísbendingum sem minna á þær aðferðir sem verið er að kenna, æfingar og endurgjöf á frammistöðu ásamt hrósi fyrir vel unna vinnu og jafnvel verðlaun þegar vel gengur sem er mikilvægt í öllu ferlinu (Berry o.fl., 2003; Gylfi Jón Gylfason o.f.l., 2009).

Við inntöku í Áttuna er foreldrum boðið á inntökufund sem forstöðumaður boðar. Á fundinum er forstöðumaður, ráðgjafi Áttunnar og foreldrar. Í sumum tilfellum koma foreldrar með stuðningsaðila, til dæmis foreldra eða systkini. Á inntökufundi er meðal annars kynnt fyrir foreldrum hvað Áttan er, hver markmiðin með Áttunni eru, hvernig framkvæmdin er og hversu oft ráðgjafi kemur í viku. Stöðufundur var upphaflega ákveðinn eftir 4 til 5 vikur en nú skráir forstöðumaður hann oftár eftir 6 vikur eða jafnvel seinna vegna þess að málin eru lengur í vinnslu en 12 vikur. Á stöðufundi er farið yfir hvernig gengur að ná þeim markmiðum sem sett voru í upphafi, og hvort eitthvað nýtt hafi komið fram hjá fjölskyldunni. Lokafundur er haldinn þegar málinu er lokið. Ráðgjafar skila af sér greinargerð sem farið er yfir og árangur metinn með því að athuga hvort markmið hafi náðst. Eftir sex mánuði fer fram eftirlit ef þess er talin þörf. Eftirfylgni getur verið í formi símtala eða jafnvel einnar til tveggja heimsókna eftir eðli mála. Í eftirliti er verið að leitast eftir því hvernig gangi, og hvort foreldrar nota leiðbeiningar sem ráðgjafi Áttunnar gaf. Í framtíðinni vill forstöðumaður auka aðgengi að eftirliti og að ráðgjafar veiti meira eftirlit en er gert í dag (Lilja Rós Agnarsdóttir munnleg heimild, 2. október 2014).

2.3.3 Starfsaðferðir ráðgjafa Áttunnar

Þegar Áttan var stofnuð var lagt upp með að ráðgjafar væru háskólamenntaðir. Tveir ráðgjafar eru með BA-próf í félagsvísindum og ein er með diplóma í afbrotufræði. Þriðji starfsmaðurinn er með BA-próf í sálfræði og diplómanám í fötlunarfræði (Lilja Rós Agnarsdóttir, munnleg heimild, 2. október 2014).

Starfsaðferðir ráðgjafa Áttunnar eru blanda af ýmsum aðferðum. Aðferðir eru einstaklingsbundnar og því oft metnar fyrir hverja fjölskyldu fyrir sig. Forstöðumaður Áttunnar útfærði handbók fyrir starfsfólk og er hún í stöðugri þróun. Í henni koma fram upplýsingar um aðferðir sem koma fram hér að neðan, ásamt matslistum og einnig eru ábendingar um lesefni í handbókinni (Lilja Rós Agnarsdóttir munnleg heimild, 2. október 2014).

Í grunninn vinna ráðgjafar út frá lausnamiðaðri hugsun (e. solution-focused brief therapy). Þegar er unnið út frá lausnamiðaðri nálgun er ekki horft á hver vandinn sé heldur er lögð áhersla á styrkleika einstaklingsins og unnið er út frá þeim. Það er gert með því að vinna með skjólstæðingi að því að finna lausnir. Hugmyndafræðin byggir á því að fólk nái ekki að vinna úr vandanum og að hugarfar þess sé viðvarandi neikvætt. Hlutverk ráðgjafa er að spyrja spurninga til að aðstoða fólk við að finna lausn á sínum vanda og komast frá neikvæðu hugafari (Nichols, 2013).

Verkfærin sem eru nýtt í vinnu með fjölskyldunni eru fengin úr viðurkenndum uppeldisaðferðum, SMT-skólafærni (e. School Management Training) og PMT (e. Parent Management Training). SMT-skólafærni byggir á PMT-foreldrafærni og gengur út á að veita æskilegri hegðun athygli með markvissu hrósi og umbun. Þá er lögð áhersla á að fyrirumæli séu skýr til að leggja grunn að góðum samskiptum. Þá er mikilvægt að foreldrar hafi skýrar reglur sem barnið er meðvitað um (Patterson, 1977; Margrét Sigmarsdóttir, e.d.).

Þegar ráðgjafar Áttunnar veita ráðgjöf byggja þeir á því að foreldrar þurfi að vera samtaka í þeim aðferðum sem þeir nota á börnin sín. Það er gert með því að ræða og ákveða hvaða hegðun og færni foreldrum finnist eftirsóknarverðast í fari barnsins. Markmiðið er að koma upp föstum venjum og setja ramma um daglegar athafnir barna á heimilinu. Kenndar eru aðferðir eins og að hvetja á uppbyggilegan hátt með því að gefa skýr skilaboð, veita börnum athygli og hrósa þeim og umbuna fyrir góða hegðun. Börn þurfa að vita sín mörk og það þarf að hjálpa þeim að setja sér mörk. Foreldrar

þurfa að setja niður reglur á heimilinu og gera þær augljósar svo börn viti til hvers er ætlast til af þeim. Foreldrar þurfa að muna að við erum fyrirmynd barnanna okkar og þau læra það sem fyrir þeim er haft. Mikilvægt er að foreldri geri raunhæfar væntingar til barna miðað við aldur þeirra og þroska (Heilsugæslan, e.d.; Christopersen og Mortweet, 2003).

Starfsmenn nýta sér verkfæri sem eru notuð í SMT-skólafærni og PMT-foreldrafærni. Þar er lagt upp með að einblína á hið jákvæða í fari barnsins og styrkja þá hegðun. Ráðgjafar aðstoða foreldra við að setja mörk, setja reglur og upplifa sig við stjórn. Með því að hrósa börnum fyrir jákvæða hegðun þurfa foreldrar að hugsa jákvætt. Foreldrar eru hvattir áfram og starfsmenn þjálfa foreldra svolítið í að horfa jákvætt á hlutina, fremur en einblína á það neikvæða sem barnið gerir. Verkfærin eru hvatning, hrós, umbunarkerfi, og sjónrænt og myndrænt kerfi, bæði fyrir börn og fullorðna. Þá læra foreldrar að setja upp umbunarkerfi fyrir börnin sín (Lilja Rós Agnarsdóttir munnleg heimild, 2. október 2014).

Eitt af því sem þau gera er að leggja fyrir matslista. Ráðgjafarnir vinna að matslistum með foreldrum til að sjá hver vandi fjölskyldunnar sé. Listarnir eru HSQ (e. home situation questionnaire), Mat á stuðningi fyrir fjölskyldur (MÁS-listi) sem forstöðumaður Áttunnar bjó til úr tveimur listum.

HSQ (e.home situation questionnaire) er bandarískur spurningalisti gefinn út af Barkley (1987). Matslistinn er lagður fyrir foreldra á heimilinu til að meta hegðun barns. Listinn samanstendur af 16 örstuttum lýsingum á aðstæðum á heimili og meta foreldrar aðstæður út frá barninu á kvarðanum frá 1 til 9 frá vægum erfiðleikum til mikilla. Svör eru borin saman við svör annarra foreldra íslenskra barna (Barkley, 1987; Heilsugæslan, e.d.).

Mat á stuðningi fyrir fjölskyldur (MÁS) er í tvennu lagi, annars vegar fyrir fjölskyldur með börn frá aldrinum 0 til 2 ára og hins vegar fyrir fjölskyldur með börn á aldrinum 2 til 12 ára. Út frá listanum er metið hvað foreldrum finnst erfitt og á hvaða þáttum er mikilvægt að byrja inni á heimilinu. MÁŠ-listinn aðstoðar ráðgjafana við að fá skýra mynd af heimilisaðstæðum (Lilja Rós Agnarsdóttir munnleg heimild, 2. október 2014).

2.4 Staða þekkingar

Hér verður leitast við að skoða niðurstöður úr nýlegum innlendum og erlendum rannsóknum á úrræðum sem foreldrum stendur til boða að fá inn á heimili sín.

2.4.1 Innlendar rannsóknir

Eins og fyrr hefur komið fram var horft til úrræðanna *Stuðningurinn heim, Greining og ráðgjöf* og *Tilsjón* þegar Áttan var sett á laggirnar. Öll eiga þessi úrræði sameiginlegt að vinna fer fram á heimilunum og miðar að því að vinna með þeim og efla þá í uppeldishlutverkinu.

Í rannsókn Cynthia L. Jeans og Sveindísar A. Jóhannsdóttir (2003) á *Stuðningi heim* var unnið úr fyrirbyggjandi gögnum og tekin viðtöl bæði við notendur og starfsmenn. Einnig var send póstkönnun til tilvísunaraðila sem voru í flestum tilvikum ráðgjafar á þjónustumiðstöð. Niðurstöður rannsóknarinnar voru að þjónusta skilaði árangri að sögn viðmælenda. Notendur vildu aukinn sveigjanleika varðandi tímalengd þjónustunnar, markvissari og aðgengilegri eftirfylgni og meiri samfellu milli stuðningsúrræða svo notandi þyrfti ekki að bíða eftir stuðningsúrræði sem tæki við af *Stuðningnum heim*. Einnig kom í ljós að úrræðið hentaði verr þungum barnaverndarmálum.

Marta Joy Hermannsdóttir (2012) gerði rannsókn á *Stuðningnum heim* og tók eigindleg viðtöl við notendur þjónustu og starfsmenn úrræðisins. Leitað var eftir viðhorfum og upplifun notenda sem þegið hafa þjónustuna og starfsmanna sem hafa veitt hana, ásamt því að kanna hve þekkt úrræðið er og hvort þjónustan skili árangri. Niðurstöður sýna að lítil þekking er á þjónustunni meðal þátttakenda. Almennt voru notendur ánægðir með *Stuðninginn heim* og þær fjölskyldur sem upplifðu árangur nýta sér enn aðferðir sem þeim voru kenndar. Helsti árangurinn af þjónustunni var breytt afstaða foreldra til foreldrahlutverksins. Viðmælendur vildu sjá breytingar á þjónustu í þeim dúr að lengja stuðningstímabilið og auka eftirlit svo eitthvað sé nefnt.

Auður Ósk Guðmundsdóttir og Helena Unnarsdóttir (2009) gerðu rannsókn á *Greining og uppeldisráðgjöf*. Rannsókn byggist á eigindlegum aðferðum og er reynslurannsókn. Þátttakendur eru fjölskyldur sem notið hafa stuðnings og ráðgjafar hjá Barnavernd Reykjavíkur og að auki tveir aðilar sem komu að undirbúningi úrræðisins. Niðurstöður voru að foreldrar voru ánægðir með að fá *Greiningu og uppeldisráðgjöf* og

upplifðu meiri styrk og úthald í garð barna sinna. Styrkleikar úrræðisins lágu í sveigjanleika en úrræðið er einstaklingsbundið, aðlagað að þörfum hversrar fjölskyldu fyrir sig og unnið á heimilinu. Fram kom í rannsókninni að ekki væri lögð næg áhersla á að greina vandann en það er eitt af markmiðum úrræðisins. Þá var upphaflegum markmiðum ekki fylgt nógu vel eftir. Starfsmenn voru frekar í því að veita leiðbeiningar og ráðgjöf en að fylgja settum markmiðum. Niðurstöður sýna að gera verður kröfu um menntun starfsfólks því með aukinni þekkingu aukast gæði þjónustu.

María Gunnarsdóttir (2011) tók í eigindlegri rannsókn sinni viðtöl við barnaverndarstarfsmenn og fjölskyldur sem höfðu fengið tilsjón, og einnig voru skoðuð fyrirbyggjandi gögn. Markmiðið með rannsókninni var að skoða hvenær tilsjón væri beitt í barnaverndarmálum, hver væri reynsla af úrræðinu og vinnuaðferðir barnaverndarstarfsmanns. Helstu niðurstöður eru að foreldrar fái tilsjón þegar veita á uppeldisráðgjöf og skipuleggja daglegt líf á heimili. Tilkynnt var í flestum tilvikum vegna vanrækslu og þá varðandi umsjón og eftirlit. Sjaldan fékk fjölskylda tilsjón þegar grunur var um ofbeldi á heimili. Þegar kom að framkvæmd úrræðis var lítið um verkefnastjórn, skipulag lélegt og hvergi hægt að sjá hver væri í raun yfirmaður tilsjónarmanns.

2.4.2 Erlendar rannsóknir

Breyttar áherslur í þjónustu hafa orðið til þess að fleiri þjónustuúrræði miða að því að styrkja fjölskyldur á heimilum sínum. Upplifun margra fagmanna er að fjölskyldur séu afslappaðri í eigin umhverfi og því líklegri til að læra af fagmönnum og tileinka sér nýjar aðferðir í uppeldishlutverkinu (Berry, Charlson og Dawson, 2003).

Í rannsókn Davis og Ward (2012) voru skoðuð mismunandi úrræði sem snúa að því að vinna með foreldrum á heimilum þeirra, úrræðin vinna að því að koma í veg fyrir eða takmarka vanrækslu. Markmið rannsóknarinnar var að kanna árangur ólíkra úrræða. Rannsókn Davis og Ward var unnin úr tveimur öðrum rannsóknum, *Inngrip í líkamlegt ofbeldi* (The Physical Abuse Intervention Review) og *Inngrip í andlegt ofbeldi* (Emotional Abuse Intervention Review). Aðrar niðurstöður rannsókna eru að úrræði sem taka á ákveðnum vanda gefi góðan árangur og að foreldrar séu móttækilegir fyrir foreldraráðgjöf en ekki hafa rannsóknir sýnt jafn góðar niðurstöður þegar markmiðið er að taka á vanrækslu. Ástæðan er sú að ekki sé búið að skilgreina vandann nógu vel og því næst ekki að taka á vanrækslunni (Davis og Ward, 2012).

Niðurstöður rannsóknarinnar eru að til eru mörg úrræði sem miða að því að aðstoða foreldra með börnin sín. Úrræði sem fara fram á heimilunum hafa skilað góðum árangur í því að andleg heilsa barna verður betri og samskipti barna og foreldra batna. Þau úrræði sem miða að því að taka á margvíslegum vanda gefa betri útkomu en úrræði sem miða að einum vanda. Þá hefur líka sýnt sig að mikilvægt er að halda vel utan um fjölskyldu meðan úrræðinu er beitt og eftir að úrræðinu lýkur, því rannsóknir hafa sýnt að án þess eru meiri líkur á að foreldrar eigi erfiðara með að tileinka sér þær leiðbeiningar sem þeir hafa fengið (Davis og Ward, 2012).

Ljóst er að skoða þarf hvert mál vandlega til að meta hvaða úrræði hentar hverjum og einum og hverju vandamáli fyrir sig, hvort sem það er agavandamál barna, samskipti barna og foreldra eða vandamál sem fjölskyldan sem heild þarf að leysa. Þá þarf að ákveða hvaða úrræði hentar best. Einnig getur hugsanlega þurft í viðameiri málum þar sem unnið er með alla fjölskyldumeðlimi að setja inn sérstakt viðbótarúrræði, taka ákveðna aðila eða tilvik og vinna með áður en hægt er að vinna með heildarvandann. Þessu þarf að fylgja eftir, því oft kemur þessi vandi aftur upp á yfirborðið þegar streita fer að segja til sín vegna ýmiss konar vandamála. Því þarf langtíma vinnu og eftirfylgni að fylgja með svona úrræðum, en vegna fjárskorts til þessara málefna er það ekki raunin (Davis og Ward, 2012).

Í rannsókn AL o. fl (2012) var leitast eftir að skoða hvaða árangur hefði náðst með 20 mismunandi forvarnarúrræðum. Öll úrræðin áttu það sameiginlegt að markmiðið var að koma í veg fyrir að vista börn utan heimilis. Hugmyndafræðin bak við úrræðin á rætur sínar að rekja í Homebuilders sem er með fyrstu úrræðum sinnar tegundar og snýr að því að vinna með fjölskyldu á heimavelli en það var fyrst stofnað 1973. Úrræðið er vel þekkt og átti upptök sín í Washington en hefur dreifst um 23 fylki í Bandaríkjunum. Öll úrræði fóru fram inni á heimilum með það markmið að leysa kreppu fjölskyldunnar með því bæta virkni hennar og félagslegar bjargar. Kreppa er áfall sem fjölskyldur verða fyrir þegar þær lenda í aðstæðum sem þær ná ekki að vinna úr, fjölskyldan missir tækni á hinu daglega lífi, lítið verður um sjálfsbjargarviðleitni og stuðningur kringum fjölskylduna er ekki nægur. Ráðgjafar sem starfa í úrræðinu miða að því að enda áfallið með því útvega fjölskyldunni verkfæri til að takast á við vandann sem hún stendur frammi fyrir. Þar er því hugsað út frá því að fjölskyldan sé hluti af stærri heild sem hefur áhrif á fjölskylduna. Því er gert ráð fyrir að hegðun einstakra

fjölskyldumeðlima sé eingöngu hægt að skilja út frá sjónarhóli þess kerfis sem fjölskyldan tilheyrir. Þá er horft til þess að fjölskylda sé opið kerfi undir áhrifum umhverfis síns, svo sem skóla og fleiri þátta. Í vinnu með fjölskyldunni er unnið með valdeflingu (e. empowerment) og lausnamiðaða nálgun (e.problem-solving) (AL o. fl, 2012).

Í ljós kom að hnitmiðuð forvarnarúrræði sem höfðu það að markmiði að bæta stöðu fjölskyldunnar geta gefið góðan árangur fyrir fjölskyldur með ákveðinn vanda en ekki fyrir fjölskyldur þar sem ofbeldi og vanræksla er vandinn. Úrræðin voru að bæta virkni fjölskyldunnar en komu almennt ekki í veg fyrir að börn væru vistuð utan heimilis. Einnig sýndu niðurstöðurnar að úrræðið skilaði ekki jafn góðum árangri með eldri börn. Þá er bent á að hegðunarvandi barna eykst eftir því sem þau eldast og því er erfiðara að taka á vandanum þegar hann hefur viðgengist lengi. Þess vegna næst meiri árangur með börn á yngri árum. Út frá niðurstöðum rannsóknarinnar má segja að forvarnarúrræði komi of seint til fjölskyldnanna. Þegar vandinn hefur viðgengist lengi er erfiðara að taka á honum og breyta, og því þarf að grípa fyrir inn í (Al o.fl, 2012).

Rannsóknin Action for Children (2013) er eigindleg rannsókn þar sem tekn voru viðtöl við tilvísendur í úrræði og starfsmenn úrræðis. Markmið rannsóknarinnar var einkum að skoða hvort úrræðið komi í veg fyrir að börn séu vistuð utan heimilis, hvort það bætir námsárangur barna, tengsl og hegðun milli fjölskyldumeðlima, hvort börn séu örugg á heimilum sínum, hvort úrræðið dregur úr andfélagslegri hegðun og afbrotum hjá börnun, og hvort það bætir stöðu ungs fólks og foreldra á vinnumarkaði.

Niðurstöður rannsóknarinnar voru að ráðgjafi sagði það skipta máli að fjölskyldur fái réttan stuðning og réttum tíma. Það er ódýrara fyrir samfélagið að grípið sé inn sem fyrst. Til að geta breytt og bætt foreldrafærni þarf að taka á undirliggjandi vanda fyrst. Oft glíma foreldrar við er að húsnæðismissi, atvinnuleysi, og í einhverjum tilvikum er búið að vista barn annars staðar og þá þarf stuðning til að þjálfa foreldra til að taka á móti barninu sínu aftur. Þá þýðir ekki að beita úrræði því vinna þarf með undirliggjandi vanda fyrst áður en farið er í að bæta foreldrafærni. Ráðgjafar greindu líka frá því að foreldrar vildu fá aðstoð sem fyrst, áður en vandi er orðinn stór og erfitt að taka á honum. Til að þjónusta skili sem bestum árangri þarf góða samvinnu við foreldra og aðrar stofnanir sem koma að málefnum foreldra. Starfsmenn sem fara inn á heimilið þurfa að geta sett sig í spor fjölskyldna og dæma ekki fjölskyldu út frá fortíð hennar. Það

krefst að starfsmaður sé heiðarlegur og byggi upp í raun traust samband við fjölskyldu. Það mun hafa jákvæðari áhrif á fjölskyldu og traust er fljóttara að myndast. Mikilvægt er að ráðgjafi upplýsi starfsmann vel um sögu fjölskyldu því oft er vandi mikill, með góðum heildstæðum upplýsingum fær starfsmaður djúpstæðari skilning á stöðu fólks. Foreldrar sem tóku þátt í rannsókn voru sammála að þeim þætti gott að fá stuðning inn á heimili. Foreldrar voru oftast en ekki þakklátir fyrir að fá stuðning þar sem þau áttu það ella á hættu að barn/börn þeirra væru vistuð inn á stofnun. Stuðningur gerði þeim kleift að hafa börnin hjá sér og vinna í sínum vanda. Í einhverjum málum náðist ekki árangur en betri mynd fékkst af vandanum fyrir ráðgjafa til að vinna með málið áfram. Árangurinn af úrræðinu er aukið sjálfstraust foreldra og að foreldrar hafi frumkvæði til að breyta aðstæðum sínum. Þá hefur skapast skipulag yfir daglegar athafnir og búið að fastmóta ákveðin mörk sem börnin þurfa að virða. Samskipti milli fjölskyldumeðlima og annarra stofnana eru betri og fjölskyldur eru í samvinnu við aðrar stofnanir. Úrræðið skapar tækifæri fyrir fjölskylduna til að vera saman á öruggan hátt með því að auka heilsu, þroska og bæta skólagöngu barna (Action children act, 2013).

3 Aðferðafræði

Í þessum kafla verður fyrst gerð grein fyrir markmiðum rannsóknar og síðan fjallað um fræðilegar undirstöður hennar. Því næst verður sagt frá eigindlegri rannsóknaraðferð og þeim aðferðum sem notaðar voru við gagnaöflun. Í lokin verður fjallað um þátttakendur í rannsókninni, framkvæmd hennar og greiningu gagna. Loks eru útskýrðar takmarkanir og siðferðilegum þáttum rannsóknar gerð skil.

3.1 Markmið rannsóknarinnar

Markmiðið með rannsókninni var að fá mat og viðhorf tilvísenda til Áttunnar. Tilgangurinn er að kanna hvernig þjónustan fer fram og hugsanlega koma með ábendingar um hvað hefur tekist vel og hvað mætti betur fara, með það í huga að þróa þjónustuna enn frekar

Rannsóknarspurningar rannsakanda:

- Hvert er viðhorf og mat tilvísenda á starfsemi Áttunnar?
- Hvernig nýttist uppeldisráðgjöf Áttunnar að mati tilvísenda?
- Hvenær í ferli máls er fjölskyldum vísað í Áttuna?
- Hver er meginvandi fjölskyldna sem vísað er til Áttunnar að mati tilvísenda?

3.2 Rannsóknaraðferð

Þessi rannsókn er eigindleg matsrannsókn (e. evaluation research) en tilgangur slíkra rannsókna er að meta hvort þjónusta þjóni ákveðnum tilgangi og mæla um leið notagildi hennar. Sú aðferð er notuð þegar meta á árangur stofnana, úrræði eða starfsemi, og fellur þetta því vel að markmiðum rannsóknarinnar. Matsrannsóknir eru hannaðar til að bæta þjónustu svo hún nýttist notendum betur, hafi niðurstöður verið þannig að þörf sé á úrbótum. Aðferðin getur nýst í eigindlegum og meginindlegum rannsóknum en það fer eftir eðli rannsóknar hvort er notað (Neuman, 2007). Í þessari rannsókn er beitt eigindlegri rannsóknaraðferð með því að fá mat og viðhorf tilvísunaraðila Áttunnar til úrræðisins. Út frá áherslum rannsóknar er eigindlega aðferðin talin öflugasta leiðin til svara rannsóknarspurningum sem settar hafa verið fram. Með eigindlegri rannsóknaraðferð er leitast við að auka skilning á skoðunum, viðhorfi og reynslu tiltekins

hóps gagnvart ákveðnu viðfangsefni. Hægt er að notast við opin viðtöl til að safna gögnum saman. Hentar sú aðferð vel til að svara þeim spurningum sem lagt var upp með. Eigindlegar rannsóknaraðferðir fela meðal annars í sér skráningu atburðar, gagnaöflun á því sem fólk segir, athugun á sérstakri aðferð eða skoðun á sjónrænum atburðum. Aðalverkfærið er rannsakandi, hann safnar gögnum, vinnur úr þeim og framkvæmir greiningu á gögnunum. Viðhorf og skoðun rannsakanda verður að vera hlutlaus og því þarf rannsakandi að vera meðvitaður um sína skoðun á viðfangsefninu, hafa opinn huga og ekki fastmótaðar hugmyndir um rannsóknarefnið (Neuman, 2007; Esterberg, 2002; Kvale og Brinkman, 2009).

Styrkleikar eigindlegra aðferða eru að þær gefa rannsakanda kost á að spyrja nánar og dýpra út í svör viðmælenda og henta þær því þegar á að skoða reynslu og upplifun ákveðins hóps. Rannsakandi fær meiri upplýsingar og aðrar sem felast í orðaskiptum við viðmælandur, sem og tóntegund eða svipbrigði. Veikleiki rannsóknarinnar er að rannsakandi getur haft áhrif á svör og viðbrögð viðmælenda. Einnig getur túlkun og skilningur rannsakanda á því hvernig hann sér viðmælenda haft áhrif. Eigindlegar rannsóknir hafa ekki alhæfingargildi og yfirleitt er rætt við fáa aðila (Silverman, 2005; Yegidis og Weinbach, 2009).

Rannsóknarferlið er þannig uppbyggt að aðferð er valin og mælingar búnar til, í þessu tilfalli var það viðtalsvísir sem inniheldur þær spurningar sem rannsakandi ber upp. Þátttakendur eru valdir og að því búnu er gögnum safnað saman (Esterberg, 2002).

3.2.1 Viðtöl

Ein gagnlegasta rannsóknaraðferð eigindlegra aðferða er viðtalsaðferð sem inniheldur meðal annars einstaklingsviðtöl og/eða hópviðtal. Í þessari rannsókn var notast við einstaklingsviðtöl en slík viðtöl gefa viðmælendum færi á að svara eins og þeir vilja um efnið sem er rætt um. Markmiðið með einstaklingsviðtölum er að fá beinar upplýsingar frá viðmælenda á stuttum tíma. Með slíkri aðferð nær rannsakandi ekki aðeins frásögn heldur nær hann líka líkamstjáningu viðmælenda. Virk hlustun er forsenda þess að viðtöl verði árangursrík. Rannsakandi þarf að beita virkri hlustun sem hvetur viðmælenda til að tjá sig og leiða umræður áfram (Kvale, 1996; Esterberg, 2002; Neuman, 2007).

Tekin voru opin viðtöl við tilvísendur Áttunnar. Í viðtölum var leitað eftir því að fá mat og viðhorf þátttakenda þótt umræðuefnið væri fyrirfram ákveðið.

Við framkvæmd rannsóknarinnar var notast við óstöðluð einstaklingsviðtöl (e. unstructured, in depth). Sú aðferð er gagnleg þegar reyna á að skilja viðhorf og mat viðmælenda með þeirra eigin orðum. Í aðferðinni er umræðuefnið fyrirfram ákveðið en ekki það sem kemur fram í viðtölum. Rannsakandi ákveður fyrirfram spurningar sem hann vill bera upp. Spurningarnar eru opnar og gefa því viðmælendum tækifæri til að tjá reynslu sína og viðhorf með eigin orðum en með því reynir rannsakandi að skilja hvaða mat þeir leggja á Áttuna. Viðtölin fólust í samræðum þar sem umræðuefnið var ákveðið af rannsakanda sem ræddi á jafningjagrundvelli við viðmælendur. Þannig er umræðuefnið fyrirfram ákveðið en innihald samræðnanna ekki (Kvale, 1996; Kvale og Brinkman, 2009).

3.2.2 Viðtalsvísir

Mikilvægt er að rannsakandi undirbúi sig vel fyrir hvert viðtal því það byggir upp betri tengsl í viðtalinu sem er forsenda þess að árangur náist og til að hægt sé að nota þau í samræmi við markmið rannsóknar. Viðtöl voru óstöðluð, þá er viðtalsvísir ekki í föstum skorðum. Grundvallaratriði óstaðlaðra viðtala er að spurningar séu opnar og rannsakandi sé eins lítið stýrandi og hægt er. Rannsakandi þarf ekki að spyrja allra spurninga sem koma fram heldur getur hann hlustað á frásögn viðmælenda eða spurt annarra spurninga. Hlutverk rannsakanda er að hlusta á viðmælenda og spyrja nánar um reynslu hans og upplifun (Esterberg, 2002; Helga Jónsdóttir, 2003; Kvale og Brinkman, 2009).

Viðtalsvísir rannsóknarinnar byggir á spurningum sem geta svarað rannsóknarspurningunum. Viðtalsvísirinn var hannaður af rannsakanda og yfirfarinn af leiðbeinanda. Viðtalsvísir (fylgiskjal 3) var settur þannig fram að fyrst voru settar fram bakgrunnspurningar, síðan var komið inn á eðli tilkynningar, eðli og inntak Áttunnar og starfsaðferðir starfsmanna Áttunnar. Í lokin var spurt hver væri upplifun tilvísunaraðila af gagnsemi úrræðis og hvort þar væru einhverjir þættir sem mættu betur fara. Markmiðið með spurningunum var að fá heildstæðari mynd af þeim fjölskyldum sem vísað er í Áttuna og að fá upplýsingar um það hvað Áttan er.

3.2.3 Gæði rannsóknar

Til að tryggja gæði rannsóknar þarf að huga að ýmsu. Það þarf bæði að huga að áreiðanleika og réttmæti, einnig trúverðugleika og traustleika (Helga Jónsdóttir, 2003).

Réttmæti eigindlegar rannsóknaraðferðir leggur áherslu á trúverðugleika rannsóknar. Auka má réttmæti með því að fá staðfest í viðtali hvort rannsakandi hafi skilið rétt með því að spyrja hvort efnið sé rétt skilið (Yegidis og Weinbech, 2009).

Engir tveir rannsakendur túlka og koma með sömu niðurstöðu í eigindlegum rannsóknnum. Auka má réttmæti með því að rannsakandi geri sér grein fyrir eigin reynslu, bakgrunni og hagsmunum af rannsókninni. Niðurstöður rannsakanda velta því á færni hans, þekkingu og nákvæmni (Kvale, 1996; Sigríður Halldórsdóttir, 2003; Kvale og Brinkman, 2009). Áreiðanleiki rannsókna snýr að því að hægt sé að endurtaka rannsókn og að niðurstöður yrðu eins ef annar ynni rannsókn en það er ekki hægt í eigindlegum rannsóknnum. Því er ekki hægt að tala um trúverðugleika rannsókna í sama skilningi og áreiðanleika. Lincoln og Guba (1985) töldu að ef trúverðugleika væri náð, væri það í sjálfu sér ávísun á að rannsóknin væri traust, þar sem ekki væri hægt að tala um réttmæti án áreiðanleika og heldur ekki um trúverðugleika án traustleika. Margprófun er ein leið rannsakanda í eigindlegum rannsóknnum til að nálgast áreiðanleika (Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson, 2003).

Rannsakandi lagði áherslu á að tryggja réttmæti og var lagður metnaður í að skilja frásögn og lýsa frásögnum viðmælenda um Áttuna, auk þess að setja rannsókn fram á trúverðugan hátt með því að vísa beint í viðmælendur. Þessir þættir tryggja trúverðugleika og áreiðanleika rannsóknargagna.

3.3 Framkvæmd

Undirbúningur að rannsókn hófst í ágúst 2014. Unnið var að útfærslu rannsóknar og lögð drög að fræðilega hlutanum. Til að fá betri mynd af því sem átti að rannsaka var fundað með forstöðumanni Áttunnar. Fyrst var áætlað að taka viðtöl við notendur þjónustu og skoða fyrirliggjandi gögn. Ekki voru til nein fyrirliggjandi gögn og því var ákveðið eftir fund með forstöðumanni og leiðbeinanda að taka viðtal við tilvísendur í úrræðið. Rannsókn var tilkynnt til persónuverndar samkvæmt lögum nr.77/2000. Haft var samband við alla þá sem vísa fjölskyldum í Áttuna. Þátttakendur voru valdir með markvissu úrtaki (e. Purposive sampling). Í markvissu úrtaki eru þeir viðmælendur valdir sem taldir eru geta gefið bestu innsýn í efni rannsóknarinnar (Esterberg, 2002).

Ekki komu margir tilvísendur til greina þar sem fáir barnaverndarstarfsmenn vísa í Áttuna. Átta viðmælendur gátu svarað rannsóknarspurningum en einn viðmælendi sá

sér ekki fært að taka þátt. Því voru viðtöl við sjö viðmælendur í rannsókninni. Rannsakandi nálgast viðmælendur í gegnum hliðvörð sem er forstöðumaður Áttunnar. Rannsakandi útbjó kynningarbréf (fylgiskjal 1), upplýst samþykki (fylgiskjal 2) og viðtalsvísi (fylgiskjal 3) sem síðan var sent á forstöðumann sem kom upplýsingunum áfram til réttara aðila. Viðmælendur voru beðnir að hafa samband við rannsakanda með tölvupósti. Viðtölin fóru fram 14. október-3. nóvember 2014 á skrifstofu viðkomandi. Viðmælendur voru allir kvenkyns og ráðgjafar á velferðarsviði í Kópavogi. Öllum nöfnum var breytt til að tryggja nafnleynd. Bakgrunnsupplýsingar voru hafðar í lágmarki til að tryggja trúnað við þátttakendur.

- Fjóla: Hefur unnið skemur en 7 ár og hefur lokið grunnnámi á háskólastigi.
- Birna: Hefur unnið skemur en 7 ár og hefur lokið framhaldsnámi á háskólastigi.
- Dóra: Hefur unnið 10 ára eða meira og hefur lokið grunnnámi á háskólastigi ásamt diplómanámi.
- Valný: Hefur unnið skemur en 7 ár og hefur lokið framhaldsnámi á háskólastigi.
- Erla: Hefur unnið skemur en 7 ár og hefur lokið framhaldsnámi á háskólastigi.
- Jóhanna: Hefur unnið meira en 10 ár og hefur lokið grunnnámi á háskólastigi ásamt diplómanámi.
- Þórdís: Hefur unnið skemur en 7 ár og hefur lokið framhaldsnámi á háskólastigi.

Áður en viðtal hófst var farið yfir markmið rannsóknar og viðmælandi óskaði eftir að skrifað væri undir upplýst samþykki. Viðmælendum var tjáð að við vinnslu gagna yrði nöfnum breytt svo svör þeirra væru ekki rekjanleg til rannsakanda og að viðmælendur gætu hætt við þátttöku rannsóknar hvenær sem er á ferlinum.

3.3.1 Úrvinnsla gagna

Fengið var leyfi hjá viðmælendum til að hljóðrita viðtölin. Viðtöl voru afrituð og eftir skráningu voru heildargögn 80 blaðsíður. Lögð var áhersla á að afrita viðtal og fara yfir það áður en næsta viðtal var tekið en þannig mætti betur nýta hugleiðingar og athugasemdir úr fyrra viðtali.

Rannsakandi afritaði viðtalið frá orði til orðs til að auðvelda gagnaúrvinnslu. Eftir gagnaúrvinnslu voru gögnin lesin og notast við opna kóðun (e. open coding) við lestur. Til hliðsjónar við lestur var rannsakandi með rannsóknarspurningar til að missa ekki

sjónar á því eftir hverju hann leitaði (Yegidis og Weinbach, 2009). Í opinni kóðun eru gögnin marglesin og leitast eftir því að skilja upplýsingar sem leiða rannsakanda að nýjum upplýsingum, þá með því að finna lykilorð í texta. Því næst tók við lokuð kóðun þar sem markmiðið var að finna þemu sem voru undirstrikuð eða lituð (Esterber, 2002).

Í niðurstöðukafla rannsóknarinnar koma fram þau meginþemu sem fundin voru úr gögnum. Engin atriði sem koma fram í rannsókn verða rekjanleg til þátttakenda. Nöfn viðmælenda eru dulkóðuð svo ekki verði hægt að rekja viðtölin til þátttakenda.

3.3.2 Siðferðileg álitamál

Við notkun á eiginlegri rannsóknaraðferð geta ýmis siðfræðileg álitamál komið upp sem vert er að nefna. Rannsakandi þarf að vera meðvitaður um siðferði þáttum. Til að hjálpa rannsakendum að setja sér siðferðileg mörk er gott að styðjast við siðferðilegar reglur sem settar hafa verið fram af faglegum stofnunum. Siðferðilegar reglur búa til ramma um hegðun rannsakanda (Esterberg, 2002).

Rannsókn var tilkynnt til Persónuverndar (númer S7023) samkvæmt lögum nr. 77/2000.

Rannsakandi þarf að vera meðvitaður um eigin viðhorf, þekkingu og reynslu af fyrirbærinu sem hann er að rannsaka. Rannsakandi þarf að vera opinn fyrir reynslu og upplifun þátttakenda af fyrirbærinu og leyfa sér að nálgast viðfangsefnið eins og hann sé að upplifa það í fyrsta skiptið (Esterberg, 2002).

Hugmynd að rannsóknarefni kviknaði þegar rannsakandi heyrði um úrræðið, því lengi hefur verið rætt um að breyta uppsetningu á stuðningi á vinnustað rannsakanda en rannsakandi starfar sem tilsjónaraðili í Reykjavík. Rannsakandi hefur góða þekkingu á starfi á heimavelli þar sem vinna snýr að því að styðja foreldra í uppeldishlutverkinu. Rannsakandi er vel upplýstur um hvað það þýðir að vera í nálægð við rannsóknarefnið. Rannsakandi hefur hvorki reynslu af né þekkir til Áttunnar. Rannsakandi er meðvitaður um reynslu sína af stuðningsúrræðum, mun hann því gæta þess vel að vera hlutlaus í viðtölum og að skoðanir hans hafi ekki áhrif í viðtölum. Við skráningu og meðferð persónuupplýsinga fer rannsakandi eftir siðareglum og hefur þær ætíð í huga við vinnslu gagna (Helga Jónsdóttir, 2003; Siðareglur Háskóla Íslands, e.d.).

Þátttakendur undirrituðu upplýst samþykki þar sem fram komu upplýsingar um rannsóknina sjálfa, markmið hennar og tilgang. Þegar tekin voru viðtöl við viðmælendur

upplýsti rannsakandi um tilgang viðtalsins og til hvers væri ætlast til af þeim og að þeir mættu hætta þátttöku hvenær sem er í ferlinu (Kvale, 1996; Helga Jónsdóttir, 2003).

Rannsókn verður birt á Skemmunni og eitt eintak verður aðgengilegt á Landsbókasafni Íslands.

4 Niðurstöður

Í þessum kafla er greint frá helstu niðurstöðum rannsóknarinnar. Niðurstöðurnar birtast sem fimm þemu sem verða gerð ítarleg skil. Þemun urðu til við greiningu viðtalanna og notaðar verða bæði beinar og óbeinar tilvitnanir til að lesandi öðlist skilning á þeim.

Helstu þemu sem dregin voru fram við úrvinnslu viðtalanna voru: **Takmarkað framboð, eðli mála, starfsaðferðir, fjölþættur vandi, gagnsemi.** Rannsóknarspurningar eru eftirfarandi:

- Hvert er viðhorf og mat tilvísenda á starfsemi Áttunnar?
- Hvernig nýttist uppeldisráðgjöf Áttunnar að mati tilvísenda?
- Hvenær í ferli máls er fjölskyldum vísað í Áttuna?
- Hver er meginvandi fjölskyldna sem vísað er til Áttunnar að mati tilvísenda?

4.1 Takmarkað framboð

Fjórir viðmælendur greindu frá því að það væri ekki um mikið að velja þegar það á að veita á fjölskyldu stuðning. Þegar könnun leiðir í ljós að fjölskylda þurfi aðstoð er það í höndum tilvísenda að boða foreldra á fund og ræða þann möguleika að veita þeim stuðning. Val á Áttunni er ákveðið í samráði við foreldra. Viðmælendur greindu frá því að það væri um fátt að velja þegar kæmi að því að velja stuðning fyrir fjölskyldurnar og það kæmi fyrir að vísað væri í Áttuna af því ekkert annað stæði til boða.

Birna greindi frá því að valið væri ekki upp á marga fiska. „Við höfum kannski ekki úr mörgum úrræðum að moða“.

Fjóla segir einnig að þau hafi ekki úr mörgum úrræðum að velja.

Við getum boðið upp á viðtöl hjá okkur en við förum ekki inn á heimili eins og starfsmenn Áttunnar í markvissa vinnu, að setja upp skipulag og fleira. Við metum að fjölskyldan hafði hag í því að fá inn ráðgjöf inn á heimilið.

Valný og Jóhanna greindu frá því að ákvörðun um Áttuna sem úrræði fyrir fjölskyldu sé tekin í meðferðateymi. Ráðgjafar könnunarteymis rannsaka málið og koma svo með niðurstöðu í máli fjölskyldnanna og þá er það þeirra niðurstaða að Áttan sé úrræði fyrir viðkomandi fjölskyldu. Valný heldur áfram og greinir frá því hún leggi drög að umsókn

og eftir 1-3 viðtöl við foreldra sé búin til meðferðaráætlun, sem fylgir síðan umsókn um Áttuna.

Það er áætlun um meðferð máls þá er Áttan yfirleitt, Áttan inn í þeirri áætlun. Þegar búíð er að undirrita hana er hægt að leggja fram umsóknina um Áttuna.

Jóhanna segir að Áttan sé valin vegna þess að það sé niðurstaða könnunarteymis. „Niðurstöður könnunar að Áttan geti veitt stuðning varðandi uppeldið“.

Þórdís segir að það komi fram í könnun máls hver sé vandi fjölskyldunnar. Þá sé búíð að rannsaka málið og fengist hafi heildarmynd af fjölskyldunni. Vandinn er fundinn og sótt er um úrræði í samvinnu með foreldrum. Þá liggja beinast við að sækja um í Áttuna því starfsmenn barnaverndar hafi engin önnur úrræði. Þórdís greinir frá því að það væri óskandi að kerfið og úrræðin væru öflugri. Þegar Þórdís er spurð af hverju fjölskyldu sé vísað í úrræðið er það vegna þess að úrræði eru fá, Áttan hefur verið sniðin að þörfum Kópavogsbæjar.

Það vantar auðvitað fólk aðallega, það er stórt vandamál að hafa ekki betra úrræði heldur en Áttuna, af því að Áttan er oft ekki nóg. Hún er oft bara svona byrjunarpunktur, þú veist, hjálpar okkur að greina nákvæmlega hvað, hvert vandamálið en það er ekkert svona, þetta er ekki hið fullkomna úrræði í barnavernd.

Fjóra og Dóra segja að þær vísi í Áttuna þeim málum sem talin eru þurfa svona ráðgjöf og að barnavernd vilji sjá fólk nýta sér úrræðið.

Dóra fjallar um að þau fái oft tilvísanir frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins eða Þroska- og hegðunarstöð. Þá hafi fagmenn kynnt sér mál foreldra vel og athugað ýmis atriði varðandi samskipti milli fjölskyldumeðlima og oft sé búíð að skima hver vandi barns sé. Einnig geti komið erindi frá leik- og grunnskólum og öðrum fagaðilum.

Þá eru fagmenn sem eru búnir að ræða við foreldra, og hvernig barnið er og hvernig samskipti ganga og ýmislegt, sem impra á því að fá ráðgjöf heim eins og Áttuna, það væri gott úrræði fyrir fjölskylduna.

Valný greinir frá því að skoða þurfi ýmis atriði áður, eins og hvort fjölskyldan geti nýtt sér úrræðið. Það þarf að meta getu foreldra og ráðgjafinn sem er í könnunarteyminu þarf að átta sig á fjölskyldunni. Oft er Áttan sett inn á heimili til að skoða hvort foreldrar geti tekið við þjónustu heima.

..Svolítið oft, að reyna á Áttuna bara til að sjá bara hvernig.. hvað kemur út úr því, stundum getur niðurstaðan verið þannig að foreldrarnir eru hreinlega ekki að tileinka sér Áttuna nægilega vel, þau eiga erfitt að fara eftir fyrirmælum og eiga erfitt með að tileinka sér að hérna .. þá líta málin aðeins öðruvísi út og þá fyrir starfsmenn barnaverndar, þá fer hann að velta fyrir sér hvar foreldrarnir eru staddir.

4.1.1 Skortur á úrræðum

Fjórir viðmælendur greindu frá því að valið standi oft á milli þess að velja Áttuna eða önnur stuðningsúrræði. Valið standi þó oftast milli Áttunnar eða tilsjónar en bæði úrræðin eru inni á heimilinu. Viðmælendur voru spurðir hvaða þættir það séu sem segi til um hvora þjónustuna foreldrar fái.

Birna telur þau oftast þurfa að grípa strax til Áttunnar en stundum sé tilsjón frekar valin í þeim málum þegar vandinn er yfirgrípsmeiri. „*Stundum veljum frekar tilsjón frekar heldur en Áttuna.. þegar við sjáum strax að vandinn er kannski.. svolítið yfirgrípsmeiri heldur en fyrir Áttuna*“.

Birna bendir á að þá þurfi að koma oftast en tvisvar sinnum í viku inn á heimilið.

Það þarf eitthvað meira en að ráðgjafi komi tvisvar í viku inn á heimili tvo tíma í senn og tekur á uppeldi því þá þarf meira eftirlit.. með fjölskyldunni, ..fleiri tíma..

Jóhanna kemur inn á að Áttan sé úrræði sem er byggt upp til að halda utan um tilsjónarúrræðið með því að skapa ramma utan um tilsjón og gera hana markvissari. „*Áttan er markviss tilsjón sem stendur í ákveðinn tíma og árangur er metinn með reglulegu millibili*“.

Jóhanna greinir einnig frá því að tilsjón hafi oft verið notuð áður en Áttan fer inn á heimili. Nú sé það oftast en ekki svo að Áttan fari inn á heimili, svo sé mælt með áframhaldandi stuðningi fyrir fjölskylduna og þá oft mælt með tilsjón. Áttan er rammað kerfi þar sem verið er að gera ákveðna hluti í ákveðinn tíma og síðan lýkur þjónustu.

Það er alltaf verið að vinna með einhverja ákveðna þætti. Jafnvel þótt að það hafi ekki náðst neinn árangur og útsýni á að áframhaldandi Átta er ekki endilega að fara að ná honum, nema til lengri tíma þá er það mat Áttunnar að hann þurfi bara viðvarandi stuðning, þá er það frekar.. þá myndum við láta inn tilsjón.. þá er ekki fyrir alla að fara inn í svona mikið kerfi, það er verið að gera kröfur á foreldra og stundum þarf bara að fara hægar og þá myndi tilsjón henta betur.

Sigrún greinir frá því að tilsjón sé ekkert ósvipað Áttunni. Í báðum þjónustum eru sett niður ákveðin markmið sem starfsmenn eiga að vinna að. Það sem greinir á milli

tílsjónar og Áttunnar er að í tílsjón eru ekki lagðir fyrir matslistar og ekki farið jafn djúpt í vandann.

Tílsjón er af öðrum toga, þar eru ekki lagðir fyrir listar og málið er í rauninni ekki eins ígrundað af því að þá erum kannski ekki að fara eins djúpt í eins og ef það er hegðunarvanda hjá barni.

Sigrún heldur áfram og telur að þegar máli er vísað í Áttuna sé farið í málið á styttri tíma og Áttan geti gefið ákveðnar upplýsingar. „*Þar sem starfsmaður er staddur inni á heimili fjölskyldunnar og það er líka.. hérna.. getur líka varpað svolítið góðu ljósi á stöðu fjölskyldunnar*“.

Þórdís greinir frá því að þegar Áttan ljúki máli sjái þau hvort fjölskyldur þurfi áframhaldandi stuðning sem væri í formi tílsjónar.

Þegar Áttan er búin og við sjáum að það er þörf fyrir áframhaldandi stuðning, þá þurfum við oft að ráða tílsjónarfólk sem sinnir fjölskyldunni með ákveðin markmið í huga.

Erla greinir frá því að það sé gott að Áttan geti sett ramma í kringum fjölskyldu og síðan geti tílsjón fylgt á eftir. „*Fólk fái bara smá aðstoð til að ramma inn lífið sitt, og leiðbeiningar og þá getur líka tílsjón fylgt því eftir*“.

4.2 Eðli máls

Viðmælendur voru sammála um að mál væru af tvennum toga, annars vegar foreldrar sem tilkynntir eru vegna vanrækslu eða hins vegar ofbeldis. Það væri miklu hærra hlutfall tilkynnt vegna vanrækslu sem er síðan vísað í Áttuna.

Viðmælendur lýstu foreldrum sem voru tilkynntir annars vegar sem sterkum og hins vegar með takmarkaðar þjargir í þeim skilningi að þau hefðu ekki kunnáttu til að vita hvað væri rétt og hvað væri rangt í garð barnanna.

Fjórir viðmælendur voru sammála um að oftast væru þau í Áttuna foreldrum sem hefðu takmarkaðar þjargir, foreldrum sem vanræktu börnin sín.

Birna hefur það á tilfinningunni að oftast sé tilkynnt um vanrækslu og máli vísað í Áttuna. Vanræksla getur verið af ýmsum toga og oft er um seinfæra foreldra að ræða. Birna talar um tvenns konar mál sem hún vísar í Áttuna, foreldra sem beiti ofbeldi og foreldra sem vanrækja börnin sín. „*Foreldrar sem beita börn ofbeldi, þau vita ekki, kunna ekki að bregðast á annan hátt við, málið er komið í öfgar og svo eru það þessi vanrækslumál*“.

Foreldrar sem beiti líkamlegu ofbeldi séu meira að sækja sér til dæmis sálfræðiviðtöl, eða fjölskyldumeðferð út í bæ, „*eru frekar foreldrar sem eru sterkir og leita þau að þjónustu út fyrir*“. Birna telur að ef tilkynnt er um ofbeldi sé það frekar andlegt ofbeldi en líkamlegt þegar hún vísar í Áttuna. Í þeim málum þarf oft að bæta tengsl og oftast eru það mæður sem beita andlegu ofbeldi.

Yfirleitt svona tengslaröskun. Það eru þær sem beita börn sín andlegu ofbeldi og ná ekki að tengjast nógu vel börnum sínum.

Birna heldur áfram og segir að það séu mæður sem nota ljótt orðbragð og kunni ekki að hrósa börnum sínum.“ *Þetta eru einmitt foreldrar sem eiga erfitt með að.. hrósa börnum sínum*“. Birna segir í þeim tilvikum kenni ráðgjafar Áttunnar foreldrum að nota hrósbönd og aðstoði foreldra við að muna eftir því að hrósa börnum sínum.

Jóhanna bendir á ef tekin sé almenn tölfræði í barnavernd sé oftast tilkynnt um vanrækslu heldur en ofbeldi.

Ég held að sú tölfræði haldi sér í Áttunni. Tilkynning getur líka verið um ofbeldi og svo er gerð könnun sem leiðir í ljós að það er annarskonar vandi, vanræksluþáttur sem þarf þá að vinna með í Áttunni..

Fjóra, Erla og Valný segja að í grunninn séu þetta vanrækslumál, algengt að foreldrar séu seinfærir eða takmarkaðir að einhverju leyti og eigi því erfitt að sjá um uppeldi barna sinna.

Fjóra kemur með dæmi þar sem foreldrar vanrækja börnin með því að gera of miklar kröfur.

Kemur oft svona skilningsleysi, gerir alltof miklar kröfur á barn sem er kannski með bullandi athyglisbrest sem á að læra í þrjá tíma og á að vera á sama stað og uppeldissystkini sín, það eru alveg svona mál.

Valný og Dóra segjast vísa í Áttuna málum þar sem tilkynnt er um ofbeldi gagnvart börnum. Tilkynningar geti til dæmis komið vegna barna af erlendum uppruna þar sem viðgengst í heimalandi viðkomandi að beita börn harðræði.

Rasskellingar eru kannski eitthvað sem viðgengst í þeirra landi og þá eru þau kannski að tukta börnin sín svolítið til og þetta harðræði er oft inn á heimilum og oft er það menningarmunur sem kemur þar sterkur inn.

4.3 Starfsaðferðir Áttunnar

Þegar viðmælendur voru beðnir að lýsa því hvað Áttan væri voru allir viðmælendur sammála um að Áttan væri uppeldisráðgjöf. Eitt af aðalmarkmiðunum með því að láta Áttuna inn á heimili væri að styðja foreldra í uppeldishlutverkinu. Foreldrar finna að þeir eru komnir í þrot með daglega þætti, þessa grunnþætti sem foreldrum ber að sinna og foreldrar vita hreinlega ekki hvaða aðferðir þau eiga nýta sér. Þrátt fyrir það er Áttan einstaklingsbundið úrræði hvað það varðar hvað er unnið með foreldrum hverju sinni og hvert markmiðið er, en grunnatriðið er alltaf að aðstoða foreldra að ná betri tókum á uppeldi barna sinna.

Jóhanna greinir frá því að yfirmarkmið sé alltaf að styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu, þótt það segi fólki kannski fátt. *“Já, það er að styðja þau í uppeldishlutverkinu og hjálpa þeim að ná betri tókum á foreldrahlutverkinu”*. Jóhanna segir að vinna ráðgjafa felist í því að nota ýmsar aðferðir eins og umbunarkerfi og að styrkja foreldra í hlutverki sínu. Valný telur markmiðið í raun og veru vera að styðja foreldra í uppeldishlutverkinu, styrkja, upplýsa og leiðbeina foreldrum með því að láta þau fá verkfæri til að gera hlutina skilvirkari. *“Fyrst og fremst eru þau að styðja foreldra í uppeldishlutverkinu, upplýsa og fræða foreldra”*.

Þórdís vísar í Áttuna þeim fjölskyldum sem þurfa á uppeldisráðgjöf að halda og þurfa aðstoð við að taka á heimilishaldi og hegðunarvanda sem á sér stað heima. *„Svona uppeldisráðgjöf og svolítið svona að hjálpa fólki að skipuleggja heimilishald“*.

Þórdís heldur áfram og segir að ráðgjafi aðstoði fjölskyldu við að takast á við vandann sem hún glímir við og markmiðið sé alltaf að reyna að draga úr vandanum eða úthýsa honum.

En svona, draga úr vandanum þannig að það sé hægt að búa við hann eða með honum, eða fólk kunni að takast á við hann þegar hann kemur, það er kannski ekki markmiðið eins og til dæmis ef við erum að sækja um vegna erfiðrar hegðunar barns, það er náttúrulega.. það verður ekki þannig að barnið hætti alfarið slæmri hegðun en það er kannski, ef það er hægt að minnka hann mikið, draga úr þegar hann birtist, þá er náttúrulega heilmikið búið að ávinnast, þannig að það er alltaf markmiðið að reyna að bæta hag fjölskyldunnar og reyna að draga úr vandanum.

Erla, Jóhanna, Birna og Fjóra lýstu foreldrunum í Áttunni þannig að í grunninn væri erfitt fyrir þá að halda utan um börnin sín og hegðun þeirra og þeir þyrftu aðstoð við það. Með því aðstoðar Áttan fjölskylduna að ramma heimilislífið og aðstoðar foreldra við að

halda betur utan um börnin sín, þá með að því að setja skýr mörk, hafa reglur og skipuleggja daginn.

Birna lýsir foreldrum þannig: „*þau ná ekki þessum grundvallarpáttum í lífinu.*

Birna heldur áfram og talar um að foreldrar sem fá Áttuna heim til sín eigi erfitt með að halda utan um heimili, þá skortir að geta skipulagt daginn. „*Ég myndi segja að þetta væri skipulagsleysi*“.

Jóhanna greinir frá því að þetta sé ekki tæmandi listi því markmiðið með samningi sé einstaklingsbundið og ólíkt frá einni fjölskyldu til annarrar.

Markmiðið er venjulega helst þetta, að foreldrar nái betri tókum á þessu hlutverki, að fjölskyldan rammist betur inn og virki og hið daglega líf virki innan fjölskyldu. Allir vakna og börnin fari í góðu ástandi á réttum tíma í skólann og komi heim, tíminn heima sé svolítið skipulagður og þá er svolítið misjafnt hvað er verið að vinna með, hvort foreldrar þurfi að vera að vinna í því að örva barnið á þessum tíma eða skapa rólega stund eða hvort er verið að aðstoða foreldra að elda, þvo og þess háttar.

Erla greinir frá að þetta geti verið þættir eins og að koma upp einhverju dagskipulagi eða koma börnum í skólann, koma börnum í háttinn á kvöldin og fleira.

Þetta er mjög oft mikið kaos í þessum fjölskyldum, þau einhvern veginn ráða ekki við einföldustu hluti, og þannig að það getur verið misjafnt hvert markmiðið er, hvort það sé að koma á einhverju dagskipulagi eða koma börnum niður á kvöldin eða koma börnum í skólann.. þannig það getur verið bara svo ólíkt hvað markmiðið er, það getur líka verið að draga úr.. búa þeim til betri skilyrði og að vanrækslan sé minni og örvunin meiri, þetta er náttúrulega mjög einstaklingsbundið eftir hverri fjölskyldu hvaða markmið er stefnt að.

Erla segir að Áttan taki ekki bara á uppeldispáttum heldur geri hún foreldra öruggari í sínu hlutverki og þeir fái viðurkenningu. „*Þetta er ekki bara að þau séu ómöguleg, það er eitthvað, þau fá staðfestingu á að þetta er erfitt og fá.. hérna.. stuðning*“.

Birna greinir frá því að markmiðin geti verið mjög misjöfn og persónuleg. Það getur til dæmis verið að foreldrar nái tókum á að tala fallega til barnanna sinna og tengjast þeim betur. Birna tók dæmi:

Já, að foreldrið noti ekki eins ljót orð í garð barna sinna, það er bara ofboðslega misjafnt.. Ég held það sé eitthvað, það er enginn svona samnefni í málunum, eitthvað svona hvað er helst, það er eitthvað svo persónulegt.

Birna tekur dæmi um að markmið geti verið bæta lykt á heimilinu „ *Að foreldri reyki úti, alveg svona í smáatriðum.. hérna.. jafnvel að koma dýrum út af heimilum, þannig að markmið geta verið mjög nákvæm*“.

Birna segir að mál geti verið þess eðlis að foreldrar og barn nái ekki að tengjast, starfsmenn Áttunnar fari í að byggja upp tengsl en líka að meta hvort það sé hægt að byggja þau upp, þá fyrir áframhaldandi vinnslu í málinu.

Birna telur að starfsmenn séu góðir í því að bæta tengsl. Hún tekur dæmi þar sem foreldrar kunnu ekki að njóta þess að vera foreldrar en það breyttist eftir að Áttan var búin að vera inni.

Það kemur alveg í huga mér mál þar sem að foreldri kunni ekki að njóta þess að vera foreldri og það var bara allt annað líf fyrir foreldrið og barnið eftir að Áttan haðfi unnið með þessari mömmu og hérna.. myndað.. hjálpað henni að mynda tengsl við barnið sem vori bara ekki til staðar.

4.3.1 Kortlagning vandans

Allir viðmælendur greindu frá því að meðal starfsaðferða Áttunnar sé að nota ákveðna matslista og spurningar til að finna út hvaða þættir eru erfiðir á heimilinu. Flestir viðmælendur voru sammála því að starfsmenn Áttunnar vinni að því að kortleggja vandann á heimilinu og aðstoða því oft barnaverndarstarfsmann við að finna út hver vandinn á heimilinu sé með því að nota matslista.

Birna greinir frá því að í erfiðum málum sé markmiðið haft sem opnast, líkt uppeldisráðgjöf, síðan sé það hlutverk ráðgjafa Áttunnar til að kortleggja betur hver vandinn er. „*Í málum sem er erfitt að setja puttann á hvað er að og þess vegna vill maður líka svolítið fá Áttuna inn, því þau kortleggja vandann*“.

Birna heldur áfram og segir að ráðgjafi sem fari inn á heimili sjái fjölskyldu í öðru ljósi heldur en tilvísandi og við það komi oft fleiri upplýsingar inn í málið.

Miklu fleiri upplýsingar heldur en við fáum frá fólki. Það myndast náttúrulega mjög gott traust milli ráðgjafans sem fer inn reglulega inn á heimilið heldur en að einhver sé að fara inn á skrifstofu til okkar.

Fjóla greinir frá því að starfsmenn Áttunnar haldi vel utan um málin og noti matslista til að greina vanda.

Málið er tekið föstum tókum og það eru notaðir matslistar og hérna.. stuðningsþarfalistar.. til þess að greina hvað er sem þarf að vinna með og hvar eru styrkleikarnir sem við getum notað til að vinna með veikleikana.. það er rosalega flott.

Valný lítur á þetta sem samtalsmeðferð til að finna út hvernig staðan á heimilinu sé.

Þau leggja fyrir ákveðna lista, þá kemur ákveðin niðurstaða úr þeim. Þetta er samtalsmeðferð, eða í raun aðferð hérna.. til að fá foreldra.. til að fá skýrari mynd hvernig staða er á heimilinu, já hvað er hægt að gera í rauninni.

Valný var spurð hvort starfsmenn Áttunnar gerðu mikið af því að aðstoða við að finna vanda fjölskyldunnar. Valný segir margt koma í ljós og margar skýringar koma fram þegar starfsmaður fer inn á heimilið. *„Já þau gera það oft, það koma margar skýringar á hlutum sem koma fram þegar þau eru byrjuð að kynnast foreldrum“.*

Erla greinir frá því að ráðgjafar Áttunnar kortleggi vandann og sjái hver þörfin er. Þau treysta svolítið á að ráðgjafarnir kortleggi vandann með matslistum áður en þau hefjast handa *„Við treystum svolítið að þau kortleggi vandann“.*

Þórdís bendir á að ráðgjafar Áttunnar noti spurningalista og reyni að kortleggja vandann sem þau fara yfir með fólkinu. Þórdís segir að oft og tíðum séu ráðgjafar Áttunnar að koma með meiri upplýsingar um málið. *Já, oft á tíðum er það þannig að þau, þau náttúrulega með veru sinni inn á heimilinu þá verða þau uppvis að ýmsu sem á sér stað.*

Dóra greindi frá því að í einhverjum tilvikum breyttust markmiðin eftir að ráðgjafi hefði lagt fram lista og kortlagt vanda. Ástæðan getur verið sú að á heimilinu opnast annar heimur og samskiptamynstrið um leið, hver er venjan og hver er menningin í fjölskyldunni. Þannig geta markmiðin orðið önnur en þau sem voru sett upp í upphafi með ráðgjafanum og fjölskyldunni.

Sko, man eftir einu dæmi, markmiðið var að aðstoða foreldra að setja upp sjónrænt skipulag með umbunum en svo seinna kom í ljós að foreldrar voru ósammála um leiðir í uppeldismálum og voru mjög ósamtaka, þá var í raun markmiðið að kenna þeim sameiginleg viðbrögð.

4.3.2 Samvinna

Til að vinna skili sem bestum árangri þarf að vera góð samvinna milli ráðgjafa Áttunnar og þess sem vísar málinu í Áttuna. Aðspurðir sögðu sex viðmælendur að samvinnan væri góð, starfsmenn Áttunnar faglegir og ráðagóðir.

Birna segir ráðgjafa Áttunnar duglega að leita til tilvísenda og þá í þeim tilgangi að koma með viðbótarupplýsingar eða leita eftir viðbótarupplýsingum.

Þau eru mjög dugleg að vera í sambandi, þau eru miklu duglegri að hafa samband heldur en ég og hérna.. já, við vinnum að því þegar það þarf, þegar málið tekur aðra stefnu eða eitthvað nýtt kemur upp.

Valný er einnig ánægð með samvinnuna og segir sjaldgæft að engin samvinna sé til staðar.

.Áttan hefur verið að leita meira til okkar, og er að upplýsa um stöðu mála og náttúrulega ef það koma einhverjar athugasemdir fram sem leiðir okkur að miklvægum upplýsingum þá hefur Áttan haft samband við okkur, það eru mál þar sem meiri þungi er, mikil vinnsla. Ég myndi segja að það væri gott samstarf milli barnaverndar og Áttunnar.

Að sögn Fjólu eru ráðgjafar Áttunnar duglegir að benda á ef fjölskyldan þarf að fá einhverja aðra þjónustu og það sé líka gott að tala við ráðgjafa Áttunnar. „Þú veist, hún kemur alveg með ábendingar ef henni finnst til dæmis að liðveisla sé ekki að fúnkera“

Jóhanna, Birna og Fjóla segja góða og reglulega samvinnu milli ráðgjafa, farið sé yfir mál á upphafsfundum, stöðufundum og lokafundum. Þá telja þær það gott að allir hittist á fundum og þar sé rætt hvað gengur vel og hvað mætti betur fara.

Sko, og svona föst samvinna í rauninni byggir á inntökufundum, stöðufundum og lokafundum.. ef eitthvað kemur upp, eða það koma áhyggjur þá náttúrulega hafa þau samband.. en svona formlegt samband eru þessir fundir

4.4 Fjölbættur vandi

Viðmælendur voru sammála um að foreldrar sem þær hefðu afskipti af ættu flestir við einhverskonar veikindi að stríða og glímdu við annars konar vanda. Allir viðmælendur töldu foreldrana glíma við fjölbættan vanda. Ásta greindi frá því að þetta væri „ yfirleitt flókinn og margvíslegur vandi, já.. ég myndi segja það“.

Birna segir:

Að vandi fjölskyldna getur verið fjölþættur sem hún vísar í Áttuna. Börn með hegðunarvandkvæði og fleira, það eru til dæmis mál þar sem það eru hérna.. margar greiningar í fjölskyldunni og það er svolítið fjölþættur vandi.

Fjóla greinir frá því að foreldrar glími við alls konar vanda sem komi oft betur í ljós eftir að starfsmenn Áttunnar byrja að vinna inni á heimilinu. Foreldrar geti verið í sorg eftir skilnað, foreldrar geta hafa verið í fjárhagserfiðleikum og oft þarf fyrst að vinna með það áður en fólk er tilbúið til að meðtaka einhverja fræðslu. „Það er ekki alltaf þannig en það getur verið“.

Fjóla og Dóra greina frá því að oft séu þetta félagslega einangraðir foreldrar, eigi annan menningarbakgrunn og hafi því lítið annað að sækja. Fjóla tekur dæmi um einstæða tveggja barna móður „Móðir með annan menningarbakgrunn, lítið bakland og engin samskipti við barnsföðurinn“.

Dóra kemur inn á að samsetning fjölskyldna sé misjöfn og aðstæður foreldra yfirleitt flóknar og margvíslegar.

Jújú, það eru oft erfiðleikar hjá foreldrum líka, eins og þú segir, bæði geta verið fatlaðir foreldrar, það geta verið erlendir foreldrar sem eru bara ekki nógu mikið inni í menningarmuninum því þau sjálfsagt halda bara í sína menningu í sambandi við uppeldisaðferðir og fleira, það getur verið svo margvíslegt, síðan geta börnin líka verið mjög flóknar fatlanir sem eru bara ekki á alla að átta sig á hvernig á að bregðast við.. það er mjög margvíslegt.

Fjóla telur að vandann fara eftir því hve burðugir foreldrarnir séu til að höndla erfiða hegðun barna sinna, setja mörk og hafa þolinmæði til að skilja röskun barnsins, oft hafi foreldrar ekki skilning á veikindum barns. Oft snúist þetta um samspil milli fjölskyldu og barn, frekar en bara hvernig barnið er eða bara hvernig foreldrið er.

Af hverju hagar hann sér ekki eins og maður? Þú veist og það þarf að svona að.. maður þarf svolítið að skilja, hann er með einhverja veikleika og hérna.. skerðing er það sem maður þarf að taka tillit til.

Þórdís segir oft erfitt að finna hvar sé best að byrja og forgangsraða, oft sé um að ræða andleg veikindi foreldris, langvarandi atvinnuleysi, örorku eða eitthvað slíkt.

Þórdís segir að þegar foreldrar hafi lengi verið atvinnulausir eða á örorkubótum svo dæmi sé tekið eigi þeir oft og tíðum erfitt fjárhagslega. Áhyggjurnar valdi kvíða því fólk

getur ekki gert það sem það langar til að gera. „Þannig að það oft bætist við kannski drykkja eða koma svona kannski erfiðleikar í samskiptum, það getur verið svo margt, þar sem það er svona fjölþætt“.

Birna og Valný voru sammála um að grunnvandinn lægi hjá foreldrum sem gæti svo stuðlað að hegðunarvanda barnanna.

4.4.1 Hegðunarvandi

Allir viðmælendur segja málum fyrst og fremst vísað í Áttuna vegna þess að börn eigi við hegðunarvanda að stríða. Hegðunarvandi sé oft flókinn og oft séu börn með ýmsar greiningar. Algengasta greiningin er athyglisbrestur og ofvirkni (ADHD), ofvirkni (ADD) og síðan einhverfa.

Birna segir börn oft eiga erfitt með að haga sér vel sem brýst út í óhlýðni, reiðiköstum og allskonar hegðunarvandi sem foreldrar þurfa að takast á við. Foreldrar eigi erfitt með hegðun barna og gefist jafnvel upp því þau viti ekki hvernig eigi að taka á hegðun.

Valný lýsir börnum sem eiga erfitt með að finna sig í skólakerfinu og eru oft greind með ADHD. Foreldrar lýsi börnum sínum oft þannig að hegðun þeirra sé stjórnlaus, þau séu virk og hafi mikla hreyfipörf.

Þetta eru krakkar sem eru frekar virkir og hafa mikla hreyfipörf og það er erfitt og foreldrar eiga erfitt með að stýra þeim og þau þurfa oft verkfæri, hvernig get ég hérna.. sinnt barni mínu og leiðbeint því þannig að þeim líði betur. Líka eins og að setja upp sjónrænt myndir til að setja upp á vegg til að aðstoða foreldra að glíma við hegðunina.

Fjóla segist vísa fjölbreyttum málum í Áttuna en þau eigi það þó sameiginlegt að það sé hegðunarvandi sem þarf að taka á. Vandinn snúi að því að oft sé erfitt fyrir foreldra að ná stjórn á hegðun barna sinna.

Oftast.. erfiðleikar með að ná yfir hegðun barnanna.. oftast erfið hegðun sem er ástæða þess að við vísum í Áttuna.. og við finnum að það er ekki nóg bara að spjalla það á fundum hér, heldur þarf að fara inn á heimilið til að hjálpa þeim. Oft er þetta að setja upp skipulag.. setja svona ramma utan um barnið.. og hérna.. og setja barninu mörk og þarna.. þetta eru rosalega mikið krakkarnir með ADHD, einhverfu og þrjóskuraskanir sem við erum að vísa.. og jafnvel sko börn bara með ADHD.

Dóra taldi upp algengustu greiningar hjá börnum sem hún vísar í Áttuna. Algengasti hegðunarvandi hjá börnum er að þau eru greind einhverf, athyglisbrest og ofvirkni eða athyglisbrest.

Aðspurð hvort hún vissi hvernig foreldrar tækju á hegðunarvanda barna sinna lýsti hún því þannig að það væri einstaklingsbundið hvernig foreldrar taki á hegðun barna sinna.

Margir hafa reynt að setja skýr mörk og samt sko.. svo kannski átta sig ekki á hvernig nákvæmlega væri gott að gera þetta. Og það hversu mikilvægt er að vera sjálfum sér samkvæmur og samtaka. . já ég held að ég geti ekki bent á eina leið og já, aðrir foreldrar gefast upp og þá náttúrulega er voðinn vís. . já. . þetta er svo margvíslegt í einu orði sagt..

Valný segir foreldra ekki notast við neina sérstaka aðferð þegar þeir séu komnir í þrot vegna hegðunarvanda barna sinna.

Það er erfitt að gera sér grein fyrir því sko.. er kannski ekki nein aðferð í gangi kannski, heldur farið eftir því hvaða tækifæri ráðast. . en ég veit það ekki, ég er ekki svo náð inn í samskiptamálum hjá fjölskyldunni, heldur bara því sem er verið að lýsa fyrir mér.. já.

Birna segir að foreldrarnir þurfi að læra að standa með sjálfum sér, ekki bara gagnvart börnunum sínum heldur líka með sjálfum sér.

Það er þetta þú veist: *“ég tek boltann af þér ef þú hættir ekki”*. Taka þá boltann, ekki bara segja þetta endalaust. Við fáum til dæmis, vísun sem eru greinilega með ADHD-einkenni en hafa samt ekki fengið greiningu og þau hjálpa fólkinu að skipuleggja sig og ná þá tökum á sér þannig að þau geti náð tökum á börnunum ..

Fjóla segir foreldrana þreytta og að þeir viti ekki hvernig þeir eigi að takast á við hegðun barna sinna og nefnir í þessu sambandi dæmi um mæður sem eru orðnar mjög þreyttar og eiga erfið börn.

Þreyttar á drengjum með erfiða hegðun og nánast komnar með svona: *“Ég þoli hann ekki lengur”*. Samskipti á milli fjölskyldumeðlima eru neikvæð, en ekki hjá öllum mæðrum, bara þeim sem eru orðnar þreyttar og eiga erfið börn. Þú veist, erfiðir strákar og mjög lýjandi strákar en mæður alveg búnar að vera og bara hafa enga þolinmæði fyrir strákunum sínum..

4.4.2 Þunglyndi og kvíði

Fimm viðmælendur sögðu foreldra kljást við ýmis veikindi og töldu þunglyndi og kvíða langalgengustu veikindin.

Birna segir þennan dulda vanda oft koma í ljós þegar farið er að vinna með fólki, þunglyndi og kvíði sé í yfirgnæfandi meirihluta.

Hún segir enn fremur að foreldrar sem eru tilkynntir glími oft við áfallstreituröskun sem geti verið vegna ofbeldis sem þeir voru beittir í æsku eða af hendi maka.

Foreldrar hafa sjálfir orðið fyrir alvarlegu ofbeldi af hendi sinna foreldra, svo getur það verið allt á milli himins og jarðar. Að það hérna.. konur verði fyrir nauðgun .. og svona sambandsafbeldi.

Þórdís talar um undirliggjandi vanda, kvíða eða þunglyndi eða einhverja áfallasögu sem hafi í áhrif á það hvernig foreldrahlutverkinu er sinnt.

Sjúkdómar, veikindi eitthvað svona, eitthvað svona sem hefur haft áhrif á foreldri og gerir það einhvern veginn að verkum að það nær ekki að halda utan um foreldrahlutverkið og sinna því sem skildi

Valný talar einnig um veika foreldra, sem hafi lent í áföllum eða verið vanræktir á yngri árum.

Þetta eru oft foreldrar sem eiga við geðrænan vanda að stríða, þunglyndi eða einhverjar aðrar geðraskanir og hérna.. hafa kannski orðið fyrir ofbeldi eða vanrækslu og hafa í rauninni eða þá vantar þá getuna til að sinna börnum sínum.

Valný tekur fram að auðvitað komi líka foreldrar sem eru vel virkir en hafi kannski ekki nægilega þekkingu á greiningu barna sinna en þeim sé sjaldnar vísað í Áttuna. *“En það er í svona færri skipti, við erum meira að vísa til þeirra þeim fjölskyldum sem hafa ekki þessa getu”.*

Dóra nefnir ólíkan bakgrunn foreldra, þarna sé um að ræða bæði menntaða og ómenntaða foreldra.

Allur gangur á því, meira segja þroskaþjálfar, það er mjög gott á marga vísu að ráðfæra sig við Áttuna, þótt svo að fólk sé bæði vel menntað og viti þessa hluti og svona til þess að ræða þetta við fullorðna sem hafa líka vit á þessu.

Fjóla tekur undir að margir foreldranna glími við þunglyndi eða kvíða en þetta geti líka verið foreldrar sem eru ungir eða með litla menntun, eða útlendingar með lítið bakland á Íslandi.

4.5 Gagnsemi

Viðmælendur voru ánægðir með Áttuna og töldu hana góða viðbót. Viðmælendur töluðu um að foreldrar væru ánægðir og fjölskyldunum liði betur eftir að Áttan kom inn á heimili þeirra.

Birna telur foreldra standa betur með sjálfum sér, nota jákvæðari uppeldisaðferðir og búa að betri fróðleik eftir að Áttan er búin að vera inn á heimilinu.

Þau veita meira svona umbunarkerfi í staðinn fyrir refsingar, það er þetta með að standa við það sem þau eru einmitt að segja. Það er þetta, að ég tek boltann ef þú hættir ekki, þá taka þau boltann ekki bara segja það endalaust.. þau eru mjög góð í því.. þau eru mjög góð í mörgu ráðgjafarnir hjá okkur.

Birna segir Áttuna oft bjarga sér þegar hún er komin út í horn með vanda sinn og áttar sig ekki á því hver hann er. *“Ég veit ekki hvar ég væri með sum málin mín ef Áttan væri ekki, þá væri maður alveg kominn út í horn með mörg mál”.*

Dóra og Jóhönnu eru sammála og segja Áttuna hafa góð áhrif og bæta líðan fjölskyldnanna og að ráðgjafarnir aðstoði foreldra við að læra nýjar aðferðir.

Það kemur sér alltaf vel fyrir börn sem eru einhverf eða með athyglisbrest, ofvirkni og aðra erfiðleika, vita jafnvel með sjónrænu skipulagi hvernig hlutirnir eiga að ganga fyrir sig í dag og á morgun, hvað gerum við. Sérstaklega hefur Áttan komið vel út þeim sem þurfa á sjónrænu skipulagi, að hjálpa foreldrum að koma upp slíku.

Jóhanna segir úrræðið gott og að þrátt fyrir að í sumum málum sé ekkert góður árangur þá líði fjölskyldumeðlimum betur þó að þau nái ekki að tileinka sér allar aðferðir. Í sumum málum sé ekki góður árangur en foreldrum og börnum líði betur.

Mér finnst þetta rosalega gott úrræði og sum málin eru bara þannig að við sendum bara.. þetta er svona síðasta sem við reynum og það er örugglega bara ekkert brjálæðisleg góður árangur en foreldrum líður betur og barninu líður betur

Fjóla og Valný nefna ánægju og þakklæti foreldranna og gleði þeirra þegar þeir finna að allt gengur betur heima fyrir *“Já, bara mjög ánægjulegt að finna það að hlutirnir ganga betur, þá er það rosaleg gleði í því”*. Foreldrar fá stuðning frá ráðgjöfum og ákveðnar úrlausnir á sínum vanda á heimilinu. Það sé miklu sjaldnar sem gengur ekki vel og í þeim málum séu foreldrar ekki glaðir en það komi örsjaldan fyrir.

Birna segir að í þeim tilvikum þegar foreldrar geti ekki tekið á móti leiðsögn og geti ekki nýtt sér leiðbeiningar vegna veikinda, þá búi þau samt að þessum upplýsingum og

leiðsögn sem þau geti nýtt sér síðar. „*Þetta er dæmi um þegar Áttan fer inn á heimili og sér að foreldrar þurfa að vinna betur í sér*“ . Þegar foreldrar hafi unnið í sínum veikindum geti þau mörgum mánuðum síðar nýtt þá fræðslu sem þau fengu frá Áttunni. Erla segist vilja sjá fleiri málum vísað inn í Áttuna og þyrfti þá úrræðið að vera viðameira. Hún telur gagnsemi úrræðisins mikla og að slíka þjónustu ætti að efla sem myndi létta álaginu af ráðgjöfunum.

Birna og Dóra segja þá foreldra sem þær hafi afskipti af betur tilbúna til að takast á við uppeldishlutverkið, þeir séu ánægðir að fá persónulega þjónustu eins og Áttan býður upp á.

Dóra segir foreldra þekkja barnið sitt betur og vita hvað hentar barninu betur þegar ráðgjafar Áttunnar hafi verið inn á heimilinu. „*Þekkja betur hvað hentar barninu, hvaða skipulag, hvernig samskipti, fyrirmæli og hvernig barninu líður best*“.

Erla og Birna telja það skila betri árangri að vinna með fólk inni á heimilinu eins og Áttan gerir. Það er árangursríkara að fjalla um málið í félagsþjónustunni og Erla nefnir að foreldrarnir þurfi einstaklingsþjálfun. „*Skilar engum árangri því þau þurfa oft hands on-þjálfun. Ég held að það skili árangri og það sé gott að þau komi í sem flest mál*“.

Jóhanna segir barnaverndarstarfsmenn yfirleitt ánægða með Áttuna. Í flestum málum sé það hennar upplifun að vel gangi. Í málum þar sem vandi er mikill verði ekki mikil breyting á þeim 12-14 vikum sem úrræðið er virkt en foreldrar séu yfirleitt ánægðir og það sé vilji hjá þeim til að vinna með ráðgjöfum Áttunnar og það eitt og sér skili alltaf miklu.

4.5.1 Vægt úrræði

Tveir viðmælenda benda á að Áttan sé í sífelldri þróun og að miklar breytingar hafi orðið síðan hún var stofnuð árið 2011.

Birna segist ekki sjá ástæðu til að breyta einhverju en nefnir að tilvísendur ættu að nýta sér Áttuna betur. „*Mér finnst frekar að við hér á gólfinu ættum, margir hverjir hér inni ættu að nýta Áttuna betur og það er alveg misjafnt hérna á milli ráðgjafa*“.

Hún telur einnig að fólk ætti að geta leitað til félagsþjónustunnar til að fá aðstoð með börnin sín. Frá árinu 2013 hefur þjónustudeild fatlaðra í Kópavogi haft aðgang að

Áttunni en ekki leiti allir foreldrar þangað. Því er hætta á að þeir foreldrar sem ekki eru með mál hjá barnavernd og leita sér ekki aðstoðar með vandann eigi erfiðara með að takast á við vandann og því gæti fjölskyldan endað á borði barnaverndar.

Nei, af því að nú er félagslega ráðgjöfin ekki með Áttuna og þannig, jú í gegnum þjónustudeild fatlaðra en það eru ekki allir foreldrar sem leita sér aðstoðar þar og svo er þetta komið út í ófni og þá kemur þetta hingað.

Erla er ánægð með skipulagið en segir málin of mörg og því vanti starfsfólk til að hægt sé að sinna öllum málum því oft sé löng bið eftir að fjölskylda fái Áttuna heim til sín. *“Málin þurfa að komast hraðar í gegn, finnst við þurfa að bíða of lengi”*. Oft finnst henni að mál hjá barnavernd ættu frekar heima hjá félagsþjónustunni. Málin eigi það til að lenda á borði barnaverndar vegna þess að það vantar stuðningsúrræði og ekki er hægt að sækja um Áttuna hjá félagsþjónustunni.

Það má alveg deila um það en stundum erum við að fá mál sem okkur finnst varla vera barnaverndarmál að því að fólk þarf bara stuðning.. og það er ekki verið að vísa í Áttuna hérna uppi þannig að það er kannski ef þetta er opnað meira og verði eins og er hugmynd hérna, að það verði einhverskonar stuðningsþjónusta, stoðþjónusta því að mörg af þessum málum eru kannski bara að foreldrar þurfa bara stuðning, þetta er ekkert rosalegt barnaverndarmál, það er ekki nein rosalega vanræksla eða ofbeldi þannig, það þarf bara kannski.. foreldrar sem eru einir og eru með lítið stuðningsnet og eru með erfið börn sem þurfa bara stuðning.. þannig að ég held bara að efla það kerfi, við erum að vinna einhver mál sem þurfa ekki að vera barnaverndarmál að því að það þarf Áttuna inn.

Valný og Þórdís benda á að Áttan sé gott úrræði en í mörgum tilvikum dugi það ekki því vandinn sé fjölpættur og sjá fyrir sér að úrræðið ætti heima hjá félagsþjónustunni frekar heldur en barnavernd.

Valný bendir á að æskilegt væri að félagsþjónustan gæti vísað í úrræðið og nefnir að það sé til umræðu innanhúss. Þegar hún vísar í Áttuna vísar hún málum þar sem hegðunarvandi er hjá barni á heimili og í skóla. Þegar mál eru flóknari og þyngri vísar hún frekar í tilsjón vegna þess: *“..að árangur mælist góður í Áttunni þegar mál eru einmitt af einföldum toga.. þar af leiðandi hef ég ekki verið að vísa flóknum málum í Áttuna”*.

Valný talar um að fleiri deildir en barnavernd og þjónustudeild málefna fatlaðra ættu að geta vísað í úrræðið en undirstrikar að úrræðið ætti að eiga heima hjá félagsþjónustunni, þetta sé gott úrræði en vægt úrræði.

Hún vísar ekki málum í Áttuna þar sem mikill vandi er á ferð. Hún telur þau mál þar sem taka þurfi á hegðunarvanda henta Áttunni vel. Það eru í raun stuðningsmál og telur hún að þau mál ættu ekki að vera barnaverndarmál. Hún telur að Áttan eigi ekki að vera barnaverndarúrræði eins og það er sett upp í dag:

Mér finnst þetta úrræði eiga heima áður en málið er orðið barnaverndarmál, mér finnst að Áttan ætti að geta gefið fólki séns á því að bæta sig.

Jóhanna nefnir að úrræðið sé enn í þróun og því sé ætlað að vinna með stóran hóp, ólíkar fjölskyldur og ólíkan vanda. Hún telur best henta Áttunni mál þar sem hegðunarvandi er hjá barni eða börnum.

Príma mál, svona barn á aldrinum 4-10 ára með hegðunarerfiðleika, foreldrar sem eru tilbúnir til að takast á við þá þar sem hægt er að byggja upp og nota umbunarkerfi og sýna þeim nýjar leiðir og takast á við hegðun, kenna að hrósa, kenna að sjá jákvæðu þættina og svo bara að fara út og sjá árangurinn, það er kannski svolítið draumamál en það eru ofsalega fá mál sem fara inn í Áttuna og fá þannig mál sem koma úr barnavernd.

Fjóla segir stuðningsúrræði vanta svo mál séu ekki í vinnslu hjá barnavernd, oft sé hún með mál á borði hjá sér sem eru ekki barnaverndarmál í eðli sínu en það sé úr of fáum úrræðum að velja.

Ef við hefðum fleiri stuðningsúrræði þá gætum við sinnt málum hér, en það er eitthvað sem verið er að skoða, það er verið að þróa Áttuna.

Þórdís sér Áttuna bæði eiga heima hjá félagsþjónustunni og að hluta til hjá barnavernd, Áttan sé tímabundið úrræði þar sem fólk geti sótt um þjónustu, sum mál í barnavernd séu það flókin og erfið að þau krefjist meiri tíma. *„Já, ég held að hérna.. ég held að það gæti alveg.. auðvitað einhver partur af Áttunni á alltaf heima klárlega hjá barnaverndinni. Áttan er stuðningsúrræði fyrir fjölskyldur með lítillsháttar vanda“.*

Þannig að mér finnst að ætti bara félagsþjónustan og náttúrulega er eins og hjá okkur í málefnum fatlaðra, þau geta sótt um líka, og það er að nýtast mjög vel, og þetta er akkúrat fínt úrræði í þannig vinnu, það er einhver vandi á heimilinu og fólk þarf aðstoð og ekki eitthvað meiriháttar stórt og djúpt mál.

Þórdís segir að í málum þar sem foreldrar eru öflugir henti Áttan vel og aðstoði mikið, þar sem börn eigi sögu um hegðunarvanda og foreldrar hafi ekki nægilega þekkingu og æfingu, skorti leiðbeiningar um hvernig eigi að nota reglur og umbunarkerfi og hefur

Þórdís séð heilmiklar breytingar í slíkum málum. „Þannig foreldrar geta tileinkað sér vel það sem Áttan hefur lagt til. Þetta eru yfirleitt fjölskyldur sem eru vel fúnkerandi og bara ekki með stórvægileg önnur vandamál“.

Í flóknari og margþættari málum segir Þórdís alltaf gagnlegt að fá Áttuna en það þurfi meiri þjónusti því árangur sé ekki nægilegur. Áttan er stutt inngríp og vinnutími ráðgjafa frá 8-16 með einhverjum sveigjanleika en vandamálin á heimilunum koma í ljós á álagstíma milli 16-20 sem er oft erfiðastur, því þarf við vera ráðgjafa frekar að vera frá 16 -20.

Þórdís segir Áttuna þurfa að vera stærra og öflugra úrræði til að taka á vandamálum sem næst ekki að vinna með á stuttum tíma. Að hennar mati þarf úrræði sem getur verið sveigjanlegra og að fjölskyldur geti fengið þjónustu oftar í viku, starfsmenn þurfi að geta komið að morgni áður en skóli byrjar eða á háttatíma ef það er vandinn.

Við þurfum þannig séð öflugt úrræði sem myndi geta tekið á öllum þessum þáttum, og jafnvel komið meira ef það koma upp krísur þá gætu.. þá væri hægt að hringja í þau og við gætum brugðist við á meðan vandinn er í gangi, og aðstoðað þau við úrlausnina á því, það væri auðvitað miklu sterkara úrræði sem gæti boðið upp á þannig, þannig, mér finnst þetta dálítið vægt.

5 Umræða

Markmið rannsóknarinnar var að kanna mat og viðhorf tilvísenda til Áttunnar. Rannsókninni er ætlað að varpa ljósi á starfsemi Áttunnar, hver sé vandi fjölskyldna sem er vísað þangað og af hverju fjölskyldu sé vísað í Áttuna. Tilgangurinn er að kanna hvernig þjónustan fer fram og hugsanlega koma með ábendingar um hvað hefur tekist vel og hvað mætti betur fara, með það í huga að þróa þjónustuna enn frekar. Rannsóknarspurningunum verður svarað í umræðukaflanum.

5.1 Hvert er viðhorf og mat á starfsemi Áttunnar?

Allir sjö viðmælendur greina frá ánægju með Áttuna. Þeir greina frá því að foreldrar séu oft þakklátir og fjölskyldumeðlimum líði oft betur eftir að Áttan hefur verið á heimilinu. Rannsóknir hafa sýnt að úrræði sem eru unnin á heimilum fjölskyldna hafa sýnt góðan árangur í því að bæta andlega heilsu barna því samskipti barna og foreldra batna (David og Ward, 2012). Einn viðmælandi greindi frá því að starfsmenn hefði þau áhrif að foreldrar vinni saman og séu samtaka gagnvart börnunum. Þá nefnir einn viðmælandi að hann sjái foreldra oftara ná að beita jákvæðum uppeldisaðferðum og geta staðið með sjálfum sér þegar Áttan hefur verið á heimilinu. Starfsaðferðir Áttunnar eru nýttar til að kenna foreldrum jákvæðar uppeldisaðferðir með því að hrósa, hvetja og nota sjónrænt skipulag og umbunarkerfi. Foreldrar eru hvattir til að horfa jákvætt á hlutina til að draga úr neikvæðum þáttum hvort sem þeir eru hjá þeim sjálfum eða í hegðun barnsins (Lilja Rós Agnarsdóttir munnleg heimild, 2. október 2014; Christoperse o.fl., 2003; Heilsugæslan, e.d.).

Tveir viðmælendur sögðu aðferðina góða og skila betri árangri en þegar tilvísendur væru að fjalla um málin á sinni skrifstofu, það er utan heimils. Einn viðmælandi telur mikið gagn af Áttunni svo taldi að fleiri mál ætti að vísa þangað.

Þetta er samhljóða niðurstöðu rannsókna sem hafa sýnt að gagnlegast er að auka foreldrafærni þegar mál er í vinnslu hjá barnavernd með því að veita fræðslu á heimilum. Þegar kenna á foreldrum nýjar uppeldisaðferðir er best að beita sýnikennslu inni á heimilinu. Þá er ráðgjafi í því hlutverki að veita foreldrum fyrirmæli og sjónrænar

vísbendingar sem minna á þær aðferðir sem foreldrar eru að læra (Berry o.fl., 2003; Gylfi Jón Gylfason o.f.l., 2009).

Fimm viðmælendur sögðu að þegar ráðgjafi fari inn á heimili komi oft fram aðrar upplýsingar í málinu sem styðja áframhaldandi vinnslu máls í barnavernd. Þetta gerist vegna þess að ráðgjafar Áttunnar leggja fyrir foreldra matslista og með þeim ná ráðgjafar Áttunnar að kortleggja betur vanda foreldranna. Þannig fá ráðgjafar enn betri upplýsingar um málið. Einn viðmælandi greindi frá því að stundum væru markmið opin og þá væri sett í meðferðaráætlun að foreldra vanti aðstoð með uppeldi barna sinna. Í þeim tilvikum er það svo í höndum ráðgjafa Áttunnar að finna út hver vandi fjölskyldunnar er. Matslistarnir geta varpað ljósi á það í hvernig aðstæðum fjölskyldan býr og hvernig samskipti eru milli fjölskyldumeðlima og hver gæti verið besta leiðin til að stýra fjölskyldu út úr vandanum. Í meðferðaráætlun er búið að rannsaka á hvaða vanda þarf að taka en markmið getur breyst eftir að ráðgjafar Áttunnar fara inn á heimilið og sjá fjölskylduna í sinni réttu mynd, þegar búið er að leggja fyrir matslista. Einn viðmælandi lýsti Áttunni þannig að þau björguðu oft málum viðmælanda því ráðgjafar gætu séð betur hver vandinn er á heimilinu. Með matslista töldu viðmælendur ráðgjafa ná betur að kortleggja vandann og úrlausn hans. Eitt af hlutverkum ráðgjafanna er að nota tvennskonar lista, annars vegar Mat á stuðningi (MÁS-listi) fyrir fjölskyldur með börn annars vegar frá 0 til 2 ára og hins vegar börn á aldrinum 2 til 12 ára. Listinn metur við hvaða vanda foreldrar stríða varðandi börn sín. Ráðgjafar og foreldrar fá þannig heildstæðari mynd af því hvaða þáttum er mikilvægast að byrja að vinna með á heimilinu. Hinn listinn er Hegðun á heimili (Home situations questionnaire) sem er einnig matslisti sem aðstoðar foreldra og ráðgjafa Áttunnar að sjá á hvaða tíma dags vandinn er mestur (Lilja Rós Agnarsdóttir munnleg heimild, 2. október 2014).

Ráðgjafar vinna með styrkleika viðkomandi sem verður útgangspunktur málsins. Hugmyndin byggir á því að fólk nái ekki að vinna úr vandanum ef hugarfar þess er viðvarandi neikvætt. Ráðgjafi er í því hlutverki að spyrja spurninga til að aðstoða fólk að finna lausn á sínum vanda og komast frá neikvæðu hugafari (Nicoholes, 2013).

Sex viðmælendum fannst samvinna vera góð milli ráðgjafa Áttunnar og tilvísenda, hjá einum ráðgjafa hafði ekki reynt á það. Hist er á reglulegum fundum; upphafsfundum, stöðufundum og lokafundum meðan mál er í vinnslu (Lilja Rós Agnarsdóttir munnleg heimild, 2. október 2014). Ráðgjafar eru duglegir að koma og leita

eftir upplýsingum og koma með fleiri upplýsingar inn í málið. Einn viðmælandi sagði ráðgjafa Áttunnar benda á ef annars konar stuðning vantar og hvort sá stuðningur sem nýtist sé til staðar, svo sem tilsjón, stuðningsfjölskylda eða liðveisla. Einn ráðgjafi sagði að foreldrar væru oft móttækilegri fyrir stuðningi eftir að Áttan hefði verið á heimilinu, því ef starfsmenn ná að byggja upp traust við fjölskyldu getur það hjálpað til við áframhaldandi vinnslu í máli hjá barnvernd og að fjölskylda sé móttækilegri fyrir annarskonar stuðningi.

Þrjú viðmælendur töldu Áttuna fremur eiga heima sem úrræði í tengslum við félagsþjónustuna en barnavernd, því úrræðið væri of vægt til að taka á þeim fjölþætta vanda sem foreldrar stríða við þegar mál þeirra er í vinnslu hjá barnavernd. Áttan hentaði best að taka á hegðunarvanda barna en þegar mál væru flóknari vísuðu viðmælendur frekar í tilsjón. Rannsóknir hafa sýnt að úrræði á heimilunum gefa góðan árangur þegar unnið er með einn ákveðinn vanda, eins og til dæmis hegðunarvanda. En þegar vandi er orðinn fjölþættur er erfiðara fyrir foreldra að taka ráðgjöf og þá næst oft ekki að taka á vanrækslu. Því er mikilvægt að skilgreina markmið úrræðisins og vinna samkvæmt því (Davis og Ward, 2012).

Sami viðmælandi segir þau mál sem hún vísar í Áttuna frekar eiga að vera stuðningsmál en barnaverndarmál, þau mál eru á borði barnaverndar af því að fólk þurfi að komast í Áttunna. Úrræðið er í þróun og töluðu viðmælendur um að umræður hefðu verið um að bjóða félagsþjónustu einnig aðgengi að úrræðinu, líkt og var gert með þjónustudeild um málefni fatlaðra árið 2013 en þá fengu þeir hálf stöðugildi við úrræðið. Mikil ásókn er í úrræðið og lenda mál því á biðlista en viðmælendur sögðu forgangsraðað þannig að brýnustu málin fái afgreiðslu fyrst. Við smíði Áttunnar var horft til *Stuðninginn heim* sem er uppeldisráðgjöf. Í rannsókn Cynthiu L. Jeans og Sveindísar A. Jóhannsdóttur (2003) kom fram að *Stuðningurinn heim* er ekki talið henta þungum barnaverndarmálum en í vægum málum þar sem foreldrar þurfa aukinn stuðning virðist heimilið vera gott umhverfi fyrir foreldra.

5.2 Hvenær í ferli máls er fjölskyldum vísað í Áttuna?

Sex viðmælendur voru sammála um að þegar vísað væri í Áttuna væri ekki um mörg önnur úrræði að velja. Fjórir viðmælendur greindu frá því að endanleg ákvörðun um stuðning við fjölskyldu væri tekin í meðferðarteymi. Þá eru foreldrar búnir að hitta

barnverndarstarfsmann áður og eru foreldrar samþykkir því að fá þjónustu heim. Tveir viðmælenda í rannsókninni sögðu að oft kæmi ábending frá skóla eða öðrum stofnunum um að fjölskylda þyrfti að fá leiðsögn heima varðandi uppeldishlutverkið. Þegar máli er vísað á borð barnaverndar er það oft könnunarteymi sem gerir tillögu um að fjölskylda þurfi á að halda stuðningi heima og bendir oft á Áttuna. Í könnun máls er ætlað að fá skýra mynd af hag fjölskyldu og er safnað saman mikilvægum upplýsingum og stefnt að því að byggja upp traust við fjölskyldu. Ef könnun leiðir í ljós að foreldrar þurfa á að halda beitingu sérstakra úrræða skal barnavernd í samvinnu við foreldrið gera skriflega áætlun um frekari meðferð máls (Barnaverndarlög, nr. 80/2002).

Greiningarvinna fjölskyldu fer fyrst og fremst fram þegar verið er að kanna málið. Einn viðmælandi sagði könnunarteymi skoða ýmis atriði, eins og til dæmis getu foreldra og hvort fjölskylda geti nýtt sér stuðning. Stundum er Áttan send inn til að athuga hvort foreldrar geti tekið við þjónustu heima.

Þegar barnaverndarstarfsmaður hefur metið aðstæður svo að foreldrar þurfi á leiðsögn og leiðbeiningum að halda varðandi uppeldishlutverkið skal sá stuðningur veittur í samvinnu við foreldra og skal barnavernd beita úrræðum sem henta best hverju sinni og þykja tryggja hagsmuni barnsins (Goodson, 2005; Berry o.fl, 2003; Barnaverndarlög, nr. 80/2002). Fjórir viðmælendur sögðu barnavernd stríða við úrræðaleysi. Oftast stæði valið um tilsjón eða Áttuna því þetta eru þau úrræði þar sem foreldrar fá aðstoð á heimili. Hugmyndin að baki Áttunni var að taka tilsjónarúrræðið og gera það markvissara og halda betur utan um úrræðið. Tilgangurinn með Áttunni er að veita foreldrum stuðning, ráðgjöf og umönnun við uppeldi barna sinna. Úrræðið er hugsað til að greina vanda og benda foreldrum á leiðir til að takast á við vandann í ákveðinn tíma (Velferðarsvið Kópavogs, 2014; Lilja Rós Agnarsdóttir, munnleg heimild, 2. október 2014).

Hugmyndafræði tilsjónar er skilgreind til að aðstoða foreldra við að sinna forsjár – og uppeldisskyldum sínum. Úrræðið er aðstoð sem er veitt til lengri tíma (Reglugerð um ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga nr. 654/2004; Barnaverndarstofa, 2009). Einn viðmælandi sagði að fyrst eftir að Áttan varð til hefði tilsjón fyrr verið valin og síðan vísað í Áttuna en nú sé Áttan frekar valin fyrst og síðan tilsjón. Þrjú viðmælenda voru sammála um að Áttan væri oftast valin fyrst, síðan tæki tilsjón við.

Þegar verið er að meta stuðning fyrir fjölskyldu er mikilvægt að skoða hvort hugmyndafræði úrræðisins sé sniðin að þörfum fjölskyldunnar og skoða þarf vel markmið og tilgang úrræða og setja í samhengi við vanda fjölskyldunnar (O'Loughlin og O'Loughlin, 2012). Að mati viðmælenda er starfsfólk Áttunnar menntað og greinir vel vanda hjá foreldrum en í tilsjón er ekki sett skilyrði um menntun og starfsmenn fara ekki jafn djúpt í einstakan vanda.

Áttan er vel skipulögð, ráðgjafar eru með háskólapróf úr hinum ýmsu fræðum. Forstöðumaður sér um að halda upphafsfund, stöðufund og lokafund. Tilgangur fundanna er að halda vel utan um málið og að unnið sé að því að vinna að settum markmiðum.

Rannsóknir hafa sýnt að úrræði sem eru unnin á heimavelli þurfa að vera með sérmenntað starfsfólk, fólk sé valið í úrræði eftir menntun í samræmi við markmið úrræðis. Starfsfólk þarf að búa yfir sérþekkingu á hegðun og þroska barna. Til að úrræði geti haft lágmarks áhrif þarf þjónustan að framfylgja nauðsynlegum leiðbeiningum um hvers konar þjónusta á að fara fram og hver markmiðin eru. Einnig er gott að vinnuaðferðir séu eftir virtum úrræðum og fræðum og að árangur úrræðisins sé mældur. Þá þurfa starfsmenn að fá handleiðslu og tækifæri til að miðla reynslu sinni (Howard og Brooks-Gunn, 2009).

5.3 Hver er meginvandi fjölskyldna sem vísað er til Áttunnar að mati tilvísenda?

Fjölskyldur sem vísað er í Áttuna eru misleitur hópur. Í grunninn eru þetta einstæðar mæður með ýmsan vanda sem fá aðstoð með börn sín þar sem algengasti aldur barnanna er 4 til 10 ára (Lilja Rós Agnarsdóttir, 2012; Lilja Rós Agnarsdóttir, 2014).

Viðmælendur voru sammála um að í þeim fjölskyldum sem vísað var í Áttuna væru mál af tvennum toga. Þetta eru foreldrar sem eru tilkynntir vegna vanrækslu annars vegar og hins vegar vegna ofbeldis. Þættirnir sem geta valdið því að umönnunar- og uppeldiskilyrðum barna er ekki fyllilega sinnt eru ofbeldi, vanræksla, áhættuhegðun barns og lífi ófædd barns er stefnt í hættu (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2012).

Viðmælendur voru sammála að í flestum tilvikum væri tilkynnt vegna vanrækslu og fjölskyldum svo vísað er í Áttuna. Einn viðmælandi bendir á að tölfræðin í barnavernd sýni að oftast er tilkynnt um vanrækslu og er því mjög líklegt að það haldist

ef skoðuð er tölfræði Áttunnar. Árið 2013 var tilkynnt um vanrækslu í 215 skipti en ofbeldi í 173 skipti og var tilfinningalegt ofbeldi algengast eða 110 skipti (Velferðarsvið Kópavogs, 2014).

Viðmælendur voru sammála því að foreldrar sem er vísað í Áttuna glími við margslunginn vanda. Í grunninn voru viðmælendur sammála um að margir foreldrar stríði við andleg veikindi. Fimm viðmælendur greindu frá veikindum af andlegum toga og að í flestum tilvikum stríddu foreldrar við þunglyndi og/eða kvíða eða áfallstreituröskun (Lilja Rós Agnarsdóttir, 2014). Fjórir viðmælendur sögðu að foreldrar sem vanrækja börnin sín eigi erfiðara með að setja börnum sínum mörk og setja sig í spor barna sinna. Fimm viðmælendur greindu frá því að oft væru þetta foreldrar sem væru seinfærir og með einhverjar takmarkanir. Þá eiga þunglyndar mæður það til að hafa neikvæð áhrif á börn sín og eru oft ekki sanngjarnar í samskiptum við þau. Þær tala oft lítið við börnin sín, eru pirraðar í samskiptum og athygli fyrir neikvæðar athafnir er algeng. Þá eiga foreldrar frekar til að nýta uppeldisaðferðir eins og refsingar til að kenna börnum ákveðna hegðun (Gerdes o.fl., 2007). Tveir viðmælendur greindu frá því að foreldrar væru kannski í neyslu vímuefna eða neyttu áfengis í óhófi sem væri afleiðing af andlegum veikindum. Þá eru atvinnulausir, öryrkjar og oft og tíðum félagslega einangraðir. Þegar foreldrar glíma við margslunginn vanda og fjölskylduaðstæður eru ekki góðar getur það haft áhrif á tengsl milli foreldra og barna. Slík streita í fjölskyldu getur haft áhrif á félagsfærni og sjálfsmynd barns (Berk, 2009).

Niðurstöður rannsókna sýna að margir foreldrar sem eru undir eftirliti barnaverndar glíma við þunglyndi, geðræna erfiðleika, vonleysi, litla einbeitingu og áfallastreituröskun. Allt eru það þættir sem geta komið í veg fyrir að foreldrar geti sinnt uppeldishlutverkinu og verndað barnið sitt sem eykur líkur á að barnið verði fyrir vanrækslu eða ofbeldi (Berry, Charlson og Dawson, 2003).

Einn viðmælandi nefndi að foreldrar gætu verið í sorg eftir skilnað, eða í fjárhagserfiðleikum sem þarf oft fyrst að vinna með áður en fólk er tilbúið að meðtaka einhverja fræðslu. Tveir viðmælendur bentu á að þeir foreldrar sem hafa vanrækt börnin sín hafi að öllum líkindum orðið fyrir ofbeldi í æsku. Þá hafa rannsóknir sýnt að í þeim fjölskyldum þar sem vanræksla á sér stað er hægt að sjá marktækt mynstur um litla tengslamyndun, óleystan ágreining, lítil jákvæð samskipti milli fjölskyldumeðlima og lítið um hlýju og samúð í garð fjölskyldumeðlima (Berry, Charlson og Dawson, 2003).

Tveir viðmælenda töluðu um að það væri menningarbundið hvernig uppeldisaðferðir foreldrar nota, sums staðar sé viðurkennt að það sé í lagi að beita börn ofbeldi ef þau hlýða ekki foreldrum sínum. Einn viðmælandi greindi frá því að foreldrar sem vanrækja börnin sín eru oft foreldrar sem hafa verið beittir ofbeldi af foreldrum sínum eða maka. Ef tilkynning er þess eðlis að barn hafi verið beitt ofbeldi er það oftast að foreldrar beiti andlegu ofbeldi í formi ljóts orðbragðs. Einn viðmælandi lýsti því að vinna ráðgjafa snúi að því að vinna að bættum tengslum og samskiptum milli fjölskyldumeðlima. Einn viðmælandi skýrði frá því að þegar foreldrar vanrækja börn sín þurfi að vinna með foreldra til að bæta tengsl og samskipti fjölskyldumeðlima.

Góð tengsl eru mikilvæg, sem og að samband milli foreldra og barns sé náíð. Tengslakenning Bowlby vísar í mikilvægi þess að náíð samband sé á milli foreldra og barns því tengsl tengist bakgrunni og eðli manneskjunnar. Þó að samband foreldra og barns sé ekki eina ástæðan fyrir hegðun barns bentu Howe o.fl. (1999) á að þroski barna tengist bakgrunni einstaklings, félagslegri og tilfinningalegri reynslu fólks í barnæsku (Berk, 2009). Samkvæmt Bowlby hafa gæði sambands sem barnið á við umönnunaraðila sinn áhrif á öryggistilfinningu og getu barns til að skapa traust sambönd í framtíðinni. Þannig sé á fyrstu æviárum barns lagður grunnur að andlegri heilsu barnsins (Berk, 2009).

5.4 Hvernig nýttist uppeldisráðgjöf Áttunnar að mati tilvísenda?

Allir viðmælendur töldu að markmiðið með Áttunni væri að styðja foreldra og styrkja í uppeldishlutverkinu. Hugsunin á bakvið barnavernd er að bjóða foreldrum upp á uppeldisráðgjöf eða foreldráðgjöf þegar þeir meta það sem svo að bæta þurfi hag og líðan fjölskyldu (Goodson, 2005; Action for Children 2013: Howard og Brooks-Gunn, 2009; Hill, 2004).

Allir viðmælendur bentu á að markmið með samningi væru einstaklingsbundin en yfirmarkmiðið væri að bæta foreldra í uppeldishlutverkinu í samræmi við markmið úrræðisins (Velferðarsvið Kópavogs, 2013; Lilja Rós Agnarsdóttir, munnleg heimild, 2. október 2014).

Uppeldi gegnir lykilhlutverki í því að börn nái að þroskast og þegar litið er til fullorðinsára er það æskan sem hefur áhrif á hvernig börn okkar haga sér, bæði félagslega og vitsmunalega (Ródenas, Garces og Martínez, 2013).

Þrjár viðmælendur lýstu því þannig að ráðgjafar Áttunnar aðstoði foreldra að setja börnum sínum mörk og reglur því þetta séu foreldrar sem vanti oft aðferðir og verkæri til að sinna börnum sínum.

Eins og fram hefur komið hafa uppeldisaðferðir foreldra áhrif á barnið. Fjórir viðmælendur lýstu því að þetta væru foreldrar sem notuðu ekki neinar sérstakar aðferðir þegar þau sinntu börnum sínum. Foreldrar geri óraunhæfar kröfur á börnin sín og eigi erfitt með að setja sig í spor barnanna, sýni börnum sínum lítinn stuðning og hafi ekki þekkingu eða getu til að átta sig á því til hvers er hægt að ætlast af barni miðað við þroska og getu. Þessi aðferð er flokkuð sem afskiptalaust uppeldi (e.rejective neglective) og er lýsandi dæmi um foreldra sem vanrækja börnin sín og ná því ekki að sinna uppeldishlutverkinu (Baumrind, 1966, 1971, 1991; Bornsteins og Bornsteins, 2007).

Fjórir viðmælendur lýstu því þannig að foreldrar ættu erfitt með að skipuleggja daginn og halda utan um daglegar venjur og þyrftu aðstoð við að ramma daginn inn. Þrjár viðmælendur lýstu því að meðal markmiða gæti verið að aðstoða foreldra við að koma börnunum á fætur á réttum tíma, mæta í skólann eða koma börnum í háttinn. Aðstoð á heimilum er ætlað að styrkja stöðu fjölskyldu með því að aðstoða í erfiðleikum við að sinna daglegum verkum (Action for children ;Petr, 2003).

Það kom skýrt fram hjá öllum viðmælendum rannsóknarinnar að hegðunarvandi barna væri oft ástæða fyrir því að fjölskyldu er vísað í Áttuna. Einn viðmælandi lýsti því að grunnvandi foreldranna ýtti undir hegðunarerfiðleika hjá barninu. Sex viðmælendur greindu frá því að oft væru börn með greiningar á borði við athyglisbrest og ofvirkni (ADHD), athyglisbrest (ADD) og einhverfu (Lilja Rós Agnarsdóttir, 2012; Lilja Rós Agnarsdóttir, 2014). Hegðunarvandi hjá börnum er oft flókinn og foreldrar eiga erfitt með að taka á vandanum. Hegðunarvandi lýsir sér í reiðiköstum, óhlýðni og stjórnleysi barnanna. Tveir viðmælendur lýstu því að foreldrar væru komnir í þrot og vissu ekki hvaða aðferðir væru bestar til að takast á við vandann sem barnið á við að etja. Oft gefast foreldrarnir upp og nota því ekki neinar sérstakar aðferðir. Fimm viðmælendur lögðu áherslu á nauðsyn þess að ramma daginn inn og að ráðgjafar Áttunnar væru í því hlutverki að aðstoða foreldra við að setja upp heildrænt, sjónrænt skipulag fyrir fjölskylduna. Meðal annars kenni ráðgjafar Áttunnar foreldrum jákvæðar uppeldisaðferðir með því að hrósa börnum sínum og sýna jákvæðri hegðun barna sinna athygli. Rannsóknir hafa sýnt að uppeldisaðferðir foreldra eru lykillinn að því að bæta og

breyta hegðun hjá barni til hins betra. Þegar foreldrar nota góðar og jákvæðar uppeldisaðferðir hafa rannsóknir sýnt að það leggur grunn að góðri líðan barna og betri skólaganga (Crockett o.fl., 2007).

Þegar ráðgjafarnir kenna foreldrum uppbyggilegar aðferðir aðstoða þeir foreldra við að styrkja jákvæða hegðun hjá börnum þar sem markmiðið er að bæta lífsgæði og draga úr óæskilegri hegðun. Þá nýta ráðgjafarnir sér verkfæri úr SMT (e. School Management training) og PMT (e. Parent Management training) þar sem foreldrar hrósa börnum sínum, umbuna þeim og fyrirmæli og reglur eru skýrar til að efla góð samskipti milli foreldra og barna (Patterson, 1977; Margrét Sigmarsdóttir, e.d.). Rannsóknir hafa sýnt að með því að laga fræðslu að daglegu lífi foreldra með því að beita sýnikennslu á heimavelli, fyrirmælum og sjónrænum vísbendingum, æfingar og endurgjöf á frammistöðu ásamt hrósi fyrir vel unna vinnu og jafnvel verðlaun þegar vel gengur er mikilvægt í öllu ferlinu (Berry o.fl., 2003; Gylfi Jón Gylfason o.fl., 2009).

5.4.1 Samantekt

Niðurstöður rannsóknarinnar eru að á heildina litið sé Áttan gott úrræði og góð viðbót við stuðningsúrræði sem þegar eru til staðar. Viðmælendur sögðu foreldra oft þakkláta og að fjölskyldumeðlimum liði betur eftir að Áttan var búin að vera á heimilinu. Viðmælendur voru sammála því að Áttan væri uppeldisráðgjöf og að fjölskyldu væri vísað í Áttuna í þeim tilgangi að fá slíka ráðgjöf. Í flestum tilvikum var vísað í Áttuna vegna hegðunarvanda hjá barni. Allir viðmælendur töldu Áttuna styðja foreldra við að koma á skipulagi og taka á hegðunarvanda. Áttan greinir vanda hjá fjölskyldunni, og lagðir eru matslistar fyrir foreldra til að finna út hver vandinn er. Þá töluðu allir viðmælendur um að ráðgjafar Áttunnar kæmu með fleiri upplýsingar fyrir barnaverndarstarfsmann inn í áframhaldandi vinnslu máls. Þrír viðmælendur vildu frekar sjá Áttuna hjá félagsþjónustunni en hjá barnavernd. Þeir telja að Áttan sé of væg því vandi fjölskyldna hjá barnavernd sé margvíslegur. Oft glími foreldrar við andleg veikindi eða aðra þætti sem eykur álagið. Að mati viðmælenda er Áttan ekki byggð upp til að taka á fjölskyldum með margvíslegan vanda.

6 Lokaorð

Helstu takmarkanir þessarar rannsóknar liggja í því að um fáa viðmælendur var að ræða og fáir barnaverndarstarfsmenn sem vísa í Áttuna. Einnig var misjafnt hversu mikla reynslu og þekkingu tilvísendur höfðu á Áttunni. Hefði verið gerð eigindleg og meginleg rannsókn hefði verið hægt að draga ályktanir út frá niðurstöðum og ef til vill væru þær marktækari en ella. Rannsóknin getur þó veitt upplýsingar um Áttuna út frá mati og viðhorfi tilvísenda.

Rannsakandi veltir því fyrir sér hvort úrræðaleysi í barnavernd hafi áhrif á það að barnaverndarstarfsmenn hafi ekki tök á að velja hvað er fjölskyldum fyrir bestu og hvort mál sem þurfa ekki aðkomu barnaverndar séu þó hjá barnavernd vegna þess að ekki sé til nógu gott úrval úrræða sem styðji foreldra í uppeldishlutverkinu. Rannsóknir hafa sýnt að skoða þarf hvort hugmyndafræðin á bak við stuðningsúrræðin sé sniðin að vanda fjölskyldunnar og hvort úrræðin miði að því að bæta samskipti og efla þroska barna. Foreldrar sem fá stuðning frá barnavernd glíma oft við margslunginn vanda og því þarf að skoða vel markmið og tilgang úrræða og setja í samhengi við vanda fjölskyldunnar. Áttann er úrræði sem var sett á laggirnar árið 2011. Fyrir tíma Áttunnar var eina úrræðið tilsjón en hugmyndin að baki breytingum var að gera tilsjónarúrræðið markvissara. Bæði úrræðin vinna að samskonar markmiðum að veita foreldrum leiðbeiningar og ráðgjöf í uppeldi barna þeirra. Ákveðið var að í Áttunni væru starfandi menntað starfsfólk, betur haldið utan um úrræðið með því að hafa til dæmis ákveðna fundi á tímabilinu og skilað sé inn lokaskýrslu eftir að máli lýkur. Þá var eitt af markmiðunum að halda vel utan um ráðgjafa með því að bjóða upp á handleiðslu og ráðgjöf. Rannsókn á tilsjón sýnir að þessir þættir eru það sem þarf að vinna með til að bæta tilsjón. Hugmyndafræðin bak við Áttuna var mótuð út frá *Stuðninginum heim* og *Greiningu og ráðgjöf*. Rannsóknir sem hafa verið gerðar á *Stuðningnum heim* sýna að það sé gott úrræði til að veita uppeldisráðgjöf, en hefur ekki sýnt jafn góðan árangur þegar mál eru í vinnslu hjá barnavernd. Sömu ályktanir koma út úr þessari rannsókn þar sem úrræðið er ekki nógu sterkt til að taka á margvíslegum vanda fjölskyldna hjá barnavernd.

Mikilvægt er þegar barnavernd veitir stuðning að skoðað sé hvaða úrræði hentar hverri fjölskyldu. Rannsakandi velti því fyrir sér hvaða menntun starfsmenn Áttunnar þurfa að hafa. Núverandi starfsmenn í Áttunni hafa menntun á vegum félagsvísindasviðs ásamt diplómanámi í afbrotfræði og fötlunarfræði. Einn starfsmaður hefur lokið grunnámi í sálfræði. Áhugavert væri hvort að það væri ekki gott að hafa starfandi félagsráðgjafa því þeirra hugmyndafræðilega nálgun er heildarsýn. Áhersla er lögð á sálfélagslega þætti, fjölskyldu og fjölskyldusögu, menningu og samfélagslega áhrifaþætti í lífi einstaklingsins. Unnið er út frá styrkleikum viðkomandi með það að markmiði að bæta lífsgæði. Einnig er fjölskyldum vísað er í Áttuna með margvíslegan vanda, foreldrar eru seinfærir, þroskaskertir og börn með einhverskonar greiningar og því væri gott að hafa þroskaþjálfara starfandi við úrræðið. Rannsóknir hafa sýnt að úrræði sem eru unnin á heimavelli þurfa að hafa sérmenntað starfsfólk, fólk sé valið í úrræði eftir menntun í samræmi við markmið úrræðis. Starfsfólk þarf að búa yfir sérþekkingu á hegðun og þroska barna.

Rannsakandi las áhugaverðar greinar þar sem búið er að búa til sértæk úrræði fyrir fjölskyldur með margvíslegan vanda bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum. Þá vinna fagmenntaðir einstaklingar eins og félagsráðgjafar og sálfræðingar í teymum með foreldrum á heimilum þeirra. Markmiðið er að finna leiðir til að draga úr vandanum og fá fjölskyldurnar ráðgjafa oft í viku, stundum tvisvar á dag ef þörf er fyrir það. Það er í höndum stjórnvalda að þróa enn frekari úrræði sem aðstoða foreldra við að taka á vandanum heima fyrir. Rannsóknir á stuðningsúrræðum eru mikilvægar því samkvæmt barnaverndarlögum ber að reyna allt áður en barn er vistað annars staðar. Því er mikilvægt að bjóða upp á stuðning á heimilunum þar sem tekið er á vanda fjölskyldunnar og unnið er með henni eftir þörfum hennar með það að leiðarljósi að fjölskyldumeðlimum líði betur og þeir geti búið saman.

Almennt hefur áhugi rannsakanda á stuðningsúrræðum á vegum barnaverndar hér á landi aukist. Rannsakandi telur aukna þörf á því að árangursmeta almenn úrræði og skilgreina betur markhópur hvers úrræðis og hverju það á að skila fyrir fjölskyldur því uppeldishlutverk foreldra er mikilvægasta hlutverk sem nokkur maður getur sinnt og oft hafa úrræðisinnngrip mikil áhrif á líf fjölskyldunnar.

Nafn höfundar

Heimildaskrá

- Action for children. (2013, júní). *Evaluation of action for children: Intensive family support services*. Sótt 18. maí 2014 af <http://www.actionforchildren.org.uk/media/6125185/evaluation-of-intensive-family-support-services.pdf>.
- Al, C. M. W., Stams, G. J. M., Bek, M. S. D., Amen, W. M., Asscher, J. J. og Van der Laan, P. H. (2012). A meta-analysis of intensive family preservation programs: Placement prevention and improvement of family functioning. *Children and Youth Services Review, 34*(8) 1472–1479.
- Anni G. Haugen. (2011–2012). „Það kemur alveg nýtt look á fólk“: Rannsókn á gerð áætlana um meðferð máls í barnverndarstarfi. Sótt 9. september 2014 http://www.rbf.is/sites/www.rbf.is/files/lokautgafa_ritrod_VI_23jan2012.pdf
- Auður Ósk Guðmundsdóttir og Helena Unnarsdóttir. (2009). *Fjölskyldur – sterkar á heimavelli. Laugarásvegur; greining og uppeldisráðgjöf: Rannsókn á nýju úrræði á vegum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar*. Félagsráðgjafadeild, Óbirt meistararitgerð: Háskóli Íslands: Reykjavík.
- Barkley, R. A. (1987). *Defiant children: A Clinician's manual for parent treating*. New York: Guilford Press.
- Barnaverndarstofa. (e.d.a). *Sem dæmi um stuðningsúrræði sveitarfélaga má nefna*. Sótt 23.nóvember 2014 af <http://www.bvs.is/almennigur/urraedi/studningsurraedi-sveitarfelaga/>
- Barnaverndarstofa (e.d.b). *Greining og uppeldisráðgjöf heim, Laugarásvegi 39*. Sótt 25. september 2014 af <http://www.bvs.is/files/file733.pdf>.
- Barnaverndarstofa. (2009). *Handbók*. Sótt 25. september 2014 af <http://www.bvs.is/files/file561.pdf>.
- Barnverndarlög nr. 80/2002.
- Baumrind, D. (1971). Current patterns of parental authority. *Development Psychology Monograph, 4*, 1–103.
- Baumrind, D. (1991). Parenting styles and adolescent development. Í J. Brooks-Gunn, R. Lerner og A. C. Petersen (ritstjórar), *The encyclopedia on adolescence* (bls. 746–758). New York: Garland.
- Baumrind, D. (1966). Effects of authoritative parental control on child behaviour. *Child development, 37*(4), 887–907.

- Belsky, J. (1989). Determinants of parenting: A process model. *Child Development*, 55, 83–96.
- Beckett, C. og Taylor, H. (2012). *Human growth and development* (2. Útgáfa). London: Sage Publication.
- Berk, L. E. (2009). *Child development*. Boston: Pearson higher education.
- Berry, M., Charlson, R. og Dawson, K. (2003). Promising practices in understanding and treating child neglect. *Child & Family Social Work*, 8(1), 13–24.
- Bornsteins, L. og Bornsteins, H. M. (2007). Parenting styles and child social development. Í (án ritstjóra) *Encyclopedia on early childhood development* (bls. 25–28). Sótt 26. september 2014 af http://www.child-encyclopedia.com/pages/PDF/parenting_skills.pdf
- Brown, J., Cohen, P., Johanson, G. J. og Salzinger, S. (1998). A longitudinal analysis of risk factors for child maltreatment: Findings of a 17-year prospective study of officially recorded and self-reported child abuse and neglect. *Child Abuse & Neglect*, 22(11), 1065–1078.
- Christophersen, R. E. og Mortweet, L.S. (2008). *Uppeldisbókin: Að byggja upp færni til framtíðar*. Ísland: Skrudda.
- Crockett, J. L., Brown, J., Russell, T. S. og Shen, L. Y. (2007). The meaning of good parent-child relationships for Mexican-American adolescents. *Journal of Research on Adolescence*, 17(4), 639–668. Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*. New York: McGraw-Hill companies.
- Cynthia Lisa Jeans og Sveindís Anna Jóhannsdóttir (2003, september). *Stuðningurinn heim – þróun nýs úrræðis í félagsþjónustu*. Sótt 17. nóvember 2014 [http://dev.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/velferdarsvid/utgefid_efni/skyrslur_kannanir/nyskopunarsjodsverkefni/Studningurinn_heim\(1\).pdf](http://dev.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/velferdarsvid/utgefid_efni/skyrslur_kannanir/nyskopunarsjodsverkefni/Studningurinn_heim(1).pdf).
- Davis, C. og Ward, H. (2012). *Safeguarding children across services*. London: Jessica Kingsley Publishers. Sótt 12. nóvember 2014 af https://www.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment_data/file/183231/DFE-RR164.pdf.
- Evrópuráð. (2005). *Foreldrafærni í Evrópu samtímans. Mikilvæg boð til foreldra: Ölumst upp saman*. Sótt 23. nóvember af <http://www.bvs.is/files/file514.pdf>.
- Félagsmálaráðuneyti og Barnaverndarstofa. (2007). *Stefnumarkandi áætlun 2007–2011*. Sótt 25. september 2014 af <http://www.bvs.is/files/file850.pdf>.
- Freydís J. Freysteinsdóttir. (2005). *Risk factors for repeated child maltreatment in Iceland; an ecological approach*. Reykjavík: University of Iceland Press.

- Freydís J. Freysteinsdóttir. (2008). Unglingar í vanda: Samanburður á unglíngum með áhættuhegðun sem fara í langtíma meðferð annars vegar og fá vægari úrræði hins vegar af hálfu barnaverndaryfirvalda. *Tímarit félagsráðgjafa*, 3, 5–16.
- Freydís J. Freysteinsdóttir. (2012). *Skilgreiningar og flokkunarkerfi í barnavernd* (2. útgáfa). Sótt 12. september 2014 af <http://www.bvs.is/media/arsskyrslur/Pall-28.12.12.pdf>.
- Gerdes, A. C., Hoze, B., Arnold, L. E., Pellham, W. E., Swansin, J. M., Wigal, T. og Jensen, P. S. (2007). Maternal depressive symptomatology and parenting behaviour: Exploration of possible mediators. *Journal of Abnormal Child Psychology* 35, 75-714. Sótt 15. september 214 af <http://link.springer.com/article/10.1007/s10802-007-9134-3#page-1>.
- Goodson, D. B. (2005). *Parent support programs and outcomes for children*. Sótt 11. september 2014 af http://www.child-encyclopedia.com/Pages/PDF/parenting_skills.pdf.
- Gylfi Jón Gylfason, Zulima Gabriela Sigurðardóttir, Sigurgrímur Skúlason, Berglind Dögg Bragadóttir, Rannveig Einarsdóttir, Ragnheiður Sif Gunnarsdóttir og Haukur Ingi Guðnason. (2009). Einkakennari í uppeldi: Úrræði sem bætir uppeldisfærni foreldra sem njóta þjónustu barnaverndarnefndar. *Sálfræðiritið: Tímarit Sálfræðingafélags Íslands*, 14, 93–101.
- Halldór S. Guðmundsson. (2007). Líðan og hegðun 11–18 ára barna innan barnaverndar á Íslandi. *Tímarit félagsráðgjafa*, 2, 25–37.
- Háskóli Íslands. (e.d.). *Siðareglur fyrir rannsóknir í félagsvísindadeild Háskóla Ísland*. Sótt 23. maí 2014 af http://www.hi.is/files/skjol/felagsvisindasvid/deildir/felags_og_mannvisinda/Si_ar_eglur_lokaskjal.pdf.
- Heilsugæslan. (e.d.). *Hvað virkar í uppeldi?*. Sótt 6. október 2014 af <http://www.heilsugaeslan.is/fraedsla/uppeldi-og-fjolskylda/uppeldispistlar/hvad-virkar-i-uppeldi/>.
- Helga Jónsdóttir. (2003). Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls 67–84). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Hill, M. (ritsjóri). (2004). *Effective ways of working with children and families*. London: Jessica Kingsley publishers.
- Holland, S. (2004). *Child and family assesment in social work practice*. London: Sage Puplication.
- Howard, S. K. og Brooks-Gunn, J. (2009). The role of home-visiting programs in Preventing child abuse and neglect. *The Future of Children*, 2(19), 119–146.

- Howe, D., Brandon, M., Hinings, D. og Schofield, G. (1999). *Attachment theory, child maltreatment and family support: A practice and assesment model*. London: Macmillan Press.
- Hrund Þórarinsdóttir og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2010). Sýn foreldra á uppeldislutverk sitt. Í Salvör Nordal, Sigrún Júlíusdóttir og Vilhjálmur Árnason (ritstjórar), *Velferð barna, gildismat og ábyrgð samfélagsins* (bls. 115–131). Reykjavík: Sálfræðistofnun háskólastofnun.
- Institute for family development. (e.d.). *Programs homebuilders – ifps*. Sótt 30. október 2014 af http://www.institutefamily.org/programs_IFPS.asp.
- Kessler, M., Winter, D. M., Horjus, B., Schoor, D. V.R og Yperen, V. T. (2012). Do parents think it takes a village? Parents attitudes towards nonparental adults involvement in upbringing and nurture of children. *Journal of Community Psychology*, 40(8), 921–937.
- Kvale, S. (1996). *Interviews: An introduction to qualitative research interviewing*. London: Sage.
- Kvale, S. og Brinkman, S. (2009). *Interviews: Learning the craft of qualitative research interviewing* (2. útgáfa). Thousand Oaks: Sage.
- Lilja Rós Agnarsdóttir. (2008). *Fjölskyldusmiðjan: Stuðningsúrræði í barnavernd* (óútfengið handrit).
- Lilja Rós Agnarsdóttir. (e.d.). *Áttan uppeldisráðgjöf* (óútfengin skýrsla, unnin árið 2012).
- Lilja Rós Agnarsdóttir. (e.d.). *Áttan uppeldisráðgjöf* (óútfengin skýrsla unnin árið 2014).
- Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2002.
- Margrét Sigmarsdóttir. (e.d.). *Styðjandi foreldrafærni*. Sótt af 8. nóvember 2014 af http://pmtfor.endor.is/wp-content/uploads/2013/10/4.-B%C3%B3k-sty_jandi-foreldraf%C3%A6rni.pdf.
- María Gunnarsdóttir. (2011). *Stuðningsúrræðið: Tilsjón í barnverndarmálum* (óútfengin meistararitgerð). Félagssráðgjafardeild, Háskóli Íslands: Reykjavík.
- Marta Joy Hermannsdóttir. (2012). *Stuðningurinn heim – uppeldisráðgjöf: Viðhorf og upplifun notenda* (óútfengin meistararitgerð). Félagssráðgjafardeild, Háskóli Íslands: Reykjavík.
- Neuman, L. W. (2007). *Social research: Qualitative and quantitative approaches* (2. útgáfa). Bandaríkin: University of Wisconsin-Whitewater.
- Nichols, P. M. (2013). *Family therapy* (10. útgáfa). Bandaríkin: Pearson Education, University of Pittsburgh Office of Child Development.

- O'Loughlin, M. og O'Loughlin, S. (2004). *Social work with Children and Families*. London: Sage learning matters.
- Patterson, G. (1977). *Living with children: New methods for parents and teachers*. Oregon: Research Press.
- Petr, G. C. (2003). *Social work with children and their families* (2. útgáfa). New York: Oxford.
- Reglugerð um ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga nr. 652/2004.
- Reykjavíkurborg. (2009). *Nýtt úrræði; greining og ráðgjöf heim*. Sótt 25. september 2014 af http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-582/2083_read-14178/
- Ródenas, F. Garcés, J. og Martínez, D. (2013). A new educational model to train parents for a successful upbringing of children: A European cross-national study. *Procedia - social and behavioral sciences*, 82, 298–31.
- Siðareglur Háskóla Íslands. (e.d.). Siðareglur fyrir rannsóknir í félagsvísindadeild háskóla Íslands. Sótt 23. maí 2014 af http://www.hi.is/files/skjol/felagsvisindasvid/deildir/felags_og_mannvisinda/Si_ar_eglur_lokaskjal.pdf.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2006). Vísindi og vald: Rannsóknarviðtal, þekkingargrunnur og faglegt sjálfræði í félagsráðgjöf. *Tímarit félagsráðgjafa*, 1, 31–41.
- Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritsjórar) (2003). Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum á heilbrigðisvísindum. Akureyri: Háskólaútgáfan.
- Silverman, D. (2005). *Doing qualitative research*. London: Sage Pulacation.
- Steinberg, L. (2001). We know some things: Parent-adolescence relationships in retrospect and prospect, *Journal of Research of Adolescence*, 11(1), 1–19.
- Stevensen, O. (2008). *Neglected children and their families* (2. útgáfa). Oxford: Blackwell publishing.
- Velferðarsvið Kópavogsbæjar. (2012). *Ársskýrsla 2012*. Sótt 10. október 2014 af http://www.kopavogur.is/media/pdf/Rafræn_utgafa_Arsskyrsla_2012.pdf.
- Velferðarsvið Kópavogsbæjar. (2013). *Árskýrsla 2013*. Sótt 28. september 2014 http://www.kopavogur.is/media/skjol/Arsskyrsla_2013_rafræn2.pdf.
- Yegidis, B. L. og Weinback, R. W. (2009). *Research methods for social workers* (4. útgáfa). Boston: Allyn and Bacon.
- Þórhildur Línadal. (ritstjóri). (2007). Barnasáttmálinn: rit um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins með vísun í íslenskt lagaumhverfi. Reykjavík: UNICEF

Viðauki

Fylgiskjal 1



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Kynningarbréf

Mat tilvísenda á Áttunni; uppeldisráðgjöf á heimavelli fjölskyldna í Kópavogi.

Kæri viðtakandi.

Vinsamlega íhugaðu neðangreindar upplýsingar vandlega áður en þú ákveður hvort þú viljir taka þátt í þessari rannsókn.

Hildur Aðalsteinsdóttir heiti ég og er meistaranemi á 5. ári í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Heiti á rannsóknarverkefni mínu er „Mat tilvísenda á Áttunni; uppeldisráðgjöf á heimavelli fjölskyldna í Kópavogi. Ábyrgðarmaður rannsóknar og leiðbeinandi nemandi er Hervör Alma Árnadóttir, lektor við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, netfang: hervora@hi.is sími 8978722.

Markmiðið með rannsókninni er að kanna viðhorf tilvísunaraðila til úrræðisins og hvernig úrræðið nýtist við vinnslu mála. Könnuð verður reynsla tilvísenda af Áttunni og hvað einkenni mál sem vísað er í úrræðið. Fjallað verður um þá hugmyndafræði sem úrræðið byggir á og verða dregin fram þeir þættir sem þykja mikilvægir til árangurs. Tilgangur með rannsókninni er að varpa ljósi á reynslu fagfólks af úrræðinu með það að leiðarljósi að þróa það áfram.

Rannsóknin er eigindleg og byggir á viðtölum. Rannsakandi er að leita eftir starfsmanni sem hefur unnið mál fjölskyldna þar sem úrræðið Áttan hefur verið nýtt. Gætt verður fyllsta trúnaðar og gengið úr skugga um að upplýsingarnar sem koma fram í viðtölum séu ekki rekjanlegar til þátttakenda. Ef einhverjar spurningar vakna um rannsóknina má hafa samband við rannsakanda í síma eða með tölvupósti. Einnig má

hafa samband við ábyrgðarmann rannsóknarinnar með því að senda tölvupóst á netfangið, hervora@hi.is.

Rannsakandi leitar til þín með þá beiðni að þú gefir kost á þér til þátttöku í rannsókninni. Tekið verður eitt klukkustundar langt viðtal við hvern þátttakanda. Stefnt er að því að taka viðtölin á tímabilinu 1. - 20. október 2014. Tímasetning og staðsetning viðtalanna verður samkomulag milli rannsakanda og þátttakenda. Ef þú ert tilbúin/n til þess að taka þátt í rannsókninni, vinsamlegast hafðu samband í síma 6928639 eða með tölvupósti á hia8@hi.is.

Ekki verður um neinar greiðslur né umbun að ræða fyrir þátttöku í rannsókninni. Leitað verður eftir skriflegu samþykki þátttakenda. Þátttakendum er frjálst að hafna þátttöku eða hætta þátttöku sinni í rannsókninni á hvaða stigi sem er, án útskýringa og án áhrifa á þá þjónustu sem þú átt rétt á.

Með von um góðar undirtektir

Hervör Alma Árnadóttir
Lektor við Félagsráðgjafadeild

Hildur Aðalsteinsdóttir
Mastersnemi í félagsráðgjöf

Fylgiskjal 2

Upplýst samþykki fyrir þátttöku í rannsókn

Mat tilvísanda á Áttunni; uppeldisráðgjöf á heimavelli fjölskyldna í Kópavogi

Kæri viðtakandi.

Ég undirrituð/undirritaður staðfesti hér með að ég hafi kynnt mér ofangreinda rannsókn og efni hennar. Mér er ljóst að markmið rannsóknar er að fá mat tilvísunaraðila á Áttunni og hvaða mat þeir leggja á úrræðið með þeim tilgangi að skoða hver er þekking tilvísanda á Áttunni, hvernig fjölskyldum er vísað í úrræðið og af hverju er vísað í úrræðið. Enn fremur er markmiðið að skoða hvernig úrræðið er uppbyggt og hvaða þættir eru mikilvægir svo þjónusta skili sem bestum árangri í þeim tilgangi að auka vitneskju um Áttuna og hugsanlegar úrbætur að úrræði.

Eitt viðtal verður tekið við hvern þátttakanda og er áætlað að það taki ekki lengur en klukkustund. Viðtölin verða hljóðrituð og afrituð af rannsakanda til að auðvelda gagnaúrvinnslu, en gætt verður að því að mæta öllum kröfum persónuverndar við vinnuna. Einungis rannsóknaraðili mun hafa aðgang að viðtölunum en ef þörf þykir getur rannsóknaraðili leitað til ábyrgðarmanns á rannsóknartímabilinu. Gögn verða dulkóðuð svo ekki verði mögulegt að rekja viðtölin til þátttakenda. Að rannsókn lokinni verður öllum gögnum viðtalanna eytt, nánar tiltekið í janúar 2015, þá bæði hljóðupptökum og fylgigögnum. Í niðurstöðukafla rannsóknar munu koma fram meginþemu sem fram komu úr viðtölum og vísað verður í viðtöl eins og við á. Engin atriði sem koma fram í lokaskýrslunni verða rekjanleg til þátttakenda.

Rannsóknin hefur verið tilkynnt til persónuverndar. Viðtölin verða tekin upp á tímabilinu 3. til 20. október, 2014. Rannsóknarlok er áætluð í desember 2014. Lokaskýrsla verður birt á Skemmunni, safni námsritgerða- og rannsóknarrita og eitt eintak verður aðgengilegt á Landsbókasafni Íslands.

Mér hefur verið kynnt eðli og umfang rannsóknar, mér er ljóst markmið og tilgangur með rannsókn og ég er samþykk/ur þátttöku. Mér er það einnig ljóst að ég þarf ekki svara

þeim spurningum sem ég vil ekki svara. Þátttakendum er frjálst að hafna þátttöku eða hætta í rannsókninni á hvaða stigi sem er, án útskýringa og án áhrifa á þá þjónustu sem ég á rétt á. Ég undirrit/undirritaður lýsi hér með yfir samþykki mínu til þátttöku í þeirri rannsókn sem um ræði

Dagsetning og undirskrift þátttakenda

Undirskrift rannsóknaraðila,
Hildur Aðalsteinsdóttir

Undirskrift ábyrgðaraðila,
Hervör Alma Árnadóttir

Fylgiskjal 3

Rannsóknarspurningar

1. Hvert er mat fagfólks Kópavogs að uppeldisráðgjöf starfsmanna Áttunnar nýtast fjölskyldum sem er vísað?
 - 1.1. Hver er markhópur Áttunnar að mati tilvísanda?
 - 1.2. Á hvaða stigi máls er fjölskyldum vísað í Áttuna?
 - 1.3. Hvernig er samstarf tilvísanda háttað við starfsmenn Áttunnar?
 - 1.4. Hvernig meta tilvísendur árangur að uppeldisráðgjafar starfsmanna Áttunnar?

Bakgrunnsupplýsingar

- ❖ Menntun
- ❖ Starfsaldur, almennt hjá Barnavernd

Vísað í úrræðið

- ❖ Hver er meginvandi þeirra fjölskyldna sem þú vísar í Áttuna?
- ❖ Í framhaldi af könnun máls, hvað stóð fjölskyldu til boða?
- ❖ Af hverju var tekin ákvörðun um að Áttan væri það úrræði sem hentaði fjölskyldu best?
- ❖ Á hvaða stigi í vinnslu mála er þeim vísað til Áttunnar?
- ❖ Hefur málið verið áður hjá Barnavernd?
- ❖ Hvaða atriði eru það sem starfsmaður Barnaverndar skoðar þegar metið er hvaða úrræði hentar fjölskyldu best?

Fjölskylda

- ❖ Hver er aldur foreldra?
- ❖ Hver er aldur barna?
- ❖ Hver er menntun foreldra?

- ❖ Hvernig er fjölskyldan samsett?
- ❖ Hvaða stuðningsúrræði hefur fjölskyldan fengið?

Áttan

- ❖ Hvað getur þú sagt mér um starfsaðferðir Áttunnar?
- ❖ Þekkir þú faglegan bakgrunn starfsmanna?
- ❖ Hvert er markmiðið með Áttunni?
- ❖ Hver setti markmiðin sem unnið var að í Áttunni?
- ❖ Hvernig mál finnst þér henta best að vísa til Áttunnar?
- ❖ Voru markmið skýr frá upphafi?
 - Breyttust markmið þegar á úrræðið leið?
 - Ef svo er, af hverju og hvernig breyttust þau?
- ❖ Hvernig gekk að ná tilsettum markmiðum?

Á meðan úrræðið stendur yfir

- ❖ Hve mörgum málum hefur þú vísað í Áttuna?
- ❖ Hvert er hlutverk þitt á meðan Áttan starfar inn á heimilinu ?
- ❖ Hver er reynslan þín af samvinnu við ráðgjafa Áttunnar?
 - ❖ Hver er upplifun þín á þátttöku foreldra á meðan úrræðið stendur yfir?
- ❖ Hvert er mat þitt á gagnsemi úrræðis?
- ❖ Meðan starfsmenn Áttunnar eru inn á heimili, eru einhver önnur úrræði sem fjölskyldan er með samhliða Áttunni?

Árangur að mati tilvísanda

- ❖ Hvernig upplifaðir þú tengsl og samskipti hjá fjölskyldumeðlimum eftir að máli hefur verið lokið hjá Áttunni?

- ❖ Telur þú að eftir að Áttan hefur lokið máli séu foreldrar betur í stakk búnir til að takast á við foreldrahlutverkið?
- ❖ Hversu mörg mál eru tilkynnt til Barnaverndar aftur eftir sex mánuði?
- ❖ Hvaða þættir eru mikilvægir svo úrræðið skili sem bestum árangri að þínu mati?
- ❖ Hverju þarf að breyta í Áttunni til þess að árangur verið enn betri?

